

# KLIFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF ♦ 1. TBL. 2011 ♦ 22. ÁRGANGUR



## Allt er hægt þegar viljinn er fyrir hendi

- viðtal við Leif Leifsson sem vill að Buslið sé rekið eins og hvert annað unglिंगastarf

14

## Leggjum áherslu á aðgengi hvort sem er í bæjum eða sveitum

- viðtal við Þuríði Hörpu Sigurðardóttur, formann Sjálfsbjargar í Skagafirði



12



## Halaleikhópurinn á tímamótum

- viðtal við Hönnu Margréti Kristleifsdóttur, formann Halaleikhópsins

24

# E F N I S Y F I R L I T

- 3 Mannréttindi fatlaðs fólks skipta mestu máli**  
*Aðalbjörg Gunnarsdóttir*
- 4 Þekkingarmiðstöðin mun létta undir með einstaklingum og stofnunum**  
*Viðtal við Tryggva Friðjónsson, framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins*
- 8 Styrkir til bifreiðakaupa hafa legið þungt á félagsmönnum Sjálfsbjargar**  
*Bergur Þorri Benjamínsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar ísf.*
- 9 NPA sé raunverulegur valkostur fyrir fatlað fólk á Íslandi**  
*Embla Ágústsdóttir, formaður NPA miðstöðvarinnar*
- 10 Götuhernaðurinn oryrki.is**  
*Andri Valgeirsson, umsjónarmaður oryrki.is*
- 11 Jólhappdrætti Sjálfsbjargar**
- 12 Leggjum áherslu á aðgengi hvort sem er í bæjum eða sveitum**  
*Viðtal við Þuríði Hörpu Sigurðardóttur, formann Sjálfsbjargar í Skagafirði*
- 13 Skóli án aðgreiningar**  
*Jón Heiðar Jónsson*
- 14 Allt er hægt þegar viljinn er fyrir hendi**  
*Viðtal við Leif Leifsson*
- 17 Busl ferðir**
- 18 Vona að sem flestir mæti á fyrirhugaðan fund þar sem félagið verður endurreist**  
*Viðtal við Magnús Reyni Guðmundsson, formann Sjálfsbjargar á Ísafirði*
- 20 Hvers vegna samvinnuverkefni um ferðaþjónustu fatlaðra?**  
*Þorbera Fjölnisdóttir*
- 22 Minning – Arnór Pétursson**  
**Minning – Júlíus Arnarson**
- 24 Hassið hennar ömmu á afmælisárinu**  
*Viðtal við Hönnu Margræti Kristleifsdóttur, formann Halaleikhópsins*
- 26 Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**  
*Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir*
- 27 Krossgáta**



## Stuðningssúla – öryggi á heimilinu

- Stillanlegt handfang
- Auðveld uppsetning
- Hámarksþyngd 136 kg.

Verð: 49.750 kr.



Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16 • Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)







Málgagn Sjálfsbjargar

Útgefandi:  
Sjálfsbjörg, lands-  
samband fatlaðra.

Sjálfsbjörg, Isf  
Hátúni 12, 105 Reykjavík  
Sími: 5500300, fax: 5500301  
mottaka@sjalfsbjorg.is

Ritstjóri:  
Hilmar Karlsson – hkarls@simnet.is

Ábyrgðarmaður:  
Tryggvi Friðjónsson  
tryggvi@sbh.is

Hönnun og umbrot:  
Leturval – leturval@litrof.is

Prentvinnsla:  
Litróf hf.



Forsíðumyndina tók Birgir Freyr Birgisson þegar Buslhópurinn fór í flúðasiglingu. Farin var góð og örugg leið niður Hvítá og því minni líkur á að missa mann útbýrðis í flúðum. Ekki var mikill straumur í ánni þennan dag og gekk ferðin því snurðulaust fyrir sig.

Aðalbjörg Gunnarsdóttir:

## Mannréttindi fatlaðs fólks skipta mestu máli

Ég komst fyrst í kynni við Sjálfsbjörg fyrir fjórtán árum síðan, þegar ég var 13 ára gömul. Þá hófst unglingastarf fyrir hreyfihamlaða unglinga á aldrinum 13–18 ára, Busl. Í framhaldi af því tók í þátt í starfi Nýungar, ungliðahreyfingar Sjálfsbjargar auk þess sem ég var leiðbeinandi í Buslinu og verkefnastjóri í nokkur



ár. Þess má geta að happdrætti Sjálfsbjargar í ár er tileinkað Buslinu og hvet ég alla til að kaupa miða og styrkja það frábæra starf. Ég hef ávallt verið áhugasöm um Halaleikhópin og séð margar sýningar hjá hópnum sem og kaffileikhús. Undanfarin tvö ár hef ég svo verið í ritnefnd Klifurs og stjórn Sjálfsbjargarheimilisins og þótt það mjög gaman. Á þessum fjórtán árum hef ég kynnst mikið af fólki sem mér þykir vænt um í dag og er þakklát fyrir að hafa kynnst. Af öllu því sem ég hef tekið þátt í innan Sjálfsbjargar hefði ég ekki viljað missa af neinu, því þar er ávallt mikið hlegið og baráttuandinn sterkur.

Það sem skiptir mestu máli núna að mínu mati eru mannréttindi fatlaðs fólks, hvort sem það snýst um atvinnumál, menntamál, barneignir, húsnæðismál, NPA, ferðaþjónustu, fjárhag o.s.frv. Þannig þarf að tryggja að fötluðu fólki sé ekki mismunað og að það hafi jafnan rétt og þeir sem ófatlaðir eru. Að allir geti lifað sjálfstæðu lífi og látið drauma sína rætast. Hvort sem við erum ófötluð eða fötluð höfum við öll drauma og langanir, hvar við viljum búa, hvað við viljum læra, hvað við viljum vinna við, að eignast maka, að eignast börn og að stunda áhugamál. Hindranir sem fatlað fólk mætir eru oft samfélagshindranir, skapaðar af samfélaginu og oft litaðar af fáfræði og fordómum og vantrú á getu fatlaðs einstaklings. Ég hef það mottó að ég geti allt og það er ekki til í orðabókinni minni að gefast upp. Alveg eins og við höfum trú á því að við getum allt sem okkur dreymir um skiptir máli að aðrir öðlist sömu trú á okkur.

Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins

# Þekkingarmiðstöðin mun með einstaklingum og stofnum

Það hefur verið í nógu að snúast hjá Tryggva Friðjónssyni, framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins, en hann hefur auk starfa fyrir Sjálfsbjargarheimilið í mörg ár sinnt verkefnum fyrir Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra að undanförunu. Stærsta einstaka verkefnið á könnu Tryggva hefur verið undirbúningur að stofnun Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar.

„Ég hef verið framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins frá árinu 1993, þar áður var ég um fjögurra ára skeið framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar lsf, og Sjálfsbjargarheimilisins. Þegar starfinu var skipt upp tók ég við starfi framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins og var þá ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri landssambandsins. Hefur skipan sú verið með þeim hætti þar til fyrr á þessu ári að landsambandið endurskoðaði starfsemi sína. Höfum við tekið við þeim verkefnum sem unnin voru á skrifstofu samtakanna á skrifstofu Sjálfsbjargarheimilisins í samstarfi við forystumenn landssambandsins.“

## Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Stóra verkefni Sjálfsbjargar í dag að sögn Tryggva er Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. „Við erum búin að vinna að þessu verkefni í rúmlega tvö ár. Um er að ræða samstarfsverkefni Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilisins í samvinnu við velferðaráðuneytið. Markmið með verkefninu er að miðla upplýsingum meðal annars um réttindamál, aðgengismál og hjálpartæki með það að markmiði að skapa ný lífsskilyrði og aðstoða fólk til sjálfsbjargar. Einnig að standa fyrir námskeiðum, meðal annars í formi jafningjafræðslu og gefa út leiðbeiningar fyrir aðstandendur og aðra.

Til samtakanna leita ítrekað einstaklingar og stofnanir um upplýsingar. Hefur það verið nokkuð ljóst hér lengi að mikill skortur er á aðgengilegum upplýsingum á einum stað er gagnast fólki með hreyfihömlun. Því hófst hér umræða á árinu 2009 hvernig við gætum mætt þessum upplýsingaskorti.

Við höfum leyft okkur að kalla þá sem ráðnir verða í þekkingarmiðstöðina, leiðsögumenn um kerfið.



Annar af holdi og blóði og hinn úr tré! Tryggvi Friðjónsson annars vegar og ónefndur hins vegar. Báðir rekja ættir sínar til Akureyrar.

Eftir umfjöllun á vettvangi Sjálfsbjargar leituðum við til Hrefnu Óskarsdóttur iðjuþjálfara og MA í fötunarfræðum um gerð þjónustumats fyrir okkur. Í lokaorðum skýrslu hennar segir: „Hreyfihömluðu fólki standa ýmis úrræði til boða hvað varðar ráðgjöf og stuðning, en þátttakendur í þjónustumatinu töldu þau þó ekki virka sem skyldi. Allir voru sammála um að óháða og sérhæfða ráðgjöf sem aðlöguð er að þörfum hreyfihamlaðs fólks vanti sárlega.“

Næsta skref var að fjalla um málið á þingi Sjálfsbjargar 2010

# ...léttu undir ...fnum

og þar var samþykkt að halda verkefninu áfram. Í framhaldi fornum við að vinna að áætlun um Þekkingarmiðstöðina og uppbyggingu hennar. „Við auglýstum eftir hópi fólks til að skilgreina nánar helstu verkefni miðstöðvarinnar og forgangsröðun þeirra, ganga frá rekstraráætlun og annast annan undirbúning að stofnun miðstöðvarinnar. Við vorum lánsöm að í hópinn valdist frábært fólk sem vann gott starf undir forystu Ingibjargar Loftsdóttur, sem var hópstjóri. Aðrir í hópnum voru Claudia Vennemann, Haraldur Sigþórsson, Hildur Friðriksdóttir, Pála K. Bergsveinsdóttir og Valerie J. Harris. Þessi hópur vann mjög góða skýrslu sem festi okkur enn frekar í trúnni á verkefnið.“

## Vinnuhópur skipaður einstaklingum með hreyfihömlun

Tryggvi er spurður hvort Þekkingarmiðstöðin muni léttu undir með öðrum. „Segja má með réttu að Þekkingarmiðstöðin komi til með léttu undir með mörgum og gaman að geta þess að þegar undirbúningshópurinn var hér að störfum fyrir á árinu þá kallaði hann ýmsa aðila á sinn fund og fór á fund margra, m.a. komu hingað sex fulltrúar frá Tryggingastofnun. Almenn ánægja ríkti meðal fulltrúanna vegna væntanlegrar stofnunar Þekkingarmiðstöðvarinnar. Lýstu þeir áhuga á samstarfi og sáu jafnvel fyrir sér að draga myndi úr álagi á starfsfólk Tryggingastofnunar. Við sjáum fyrir okkur að geta létt undir með ýmsum aðilum öðrum. Má þar nefna Öryrkjabandalagi Íslands, sveitarfélögum og jafnvel velferðarráðuneytinu.

Staða málsins í dag er sú að við erum enn í sambandi við hluta af vinnuhópnum sem mun aðstoða okkur, en nú í byrjun nóvember auglýstum við eftir meðlimum í nýjan vinnuhóp. Í honum eiga eingöngu að starfa einstaklingar með hreyfihömlun sem munu hafa það að meginverkefni að byggja upp grunn upplýsinga ætluðum viðskiptavinum þekkingarmiðstöðvarinnar. Við teljum verkefni hópsins afar mikilvægt en hinn hópurinn verður okkur áfram innan handar með ýmis praktísk mál hvað varðar uppbyggingu miðstöðvarinnar. Í honum munu starfa áfram Ingibjörg Loftsdóttir, Haraldur Sigþórsson og Valerie Harris. Síðan hefur Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir komið til liðs við okkur en hún er ritari framkvæmdastjórnar Sjálfsbjargar og er jafnframt fulltrúi í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins. Guðbjörg kemur með dýrmæta reynslu og þekkingu inn í þetta verkefni. Við hittumst reglulega og erum að ýta verkefninu áfram undir minni stjórn. Þá má geta þess að Sigurbjörg Daniélsdóttir kemur til með að aðstoða okkur og vinna að verkefnum fyrir Þekkingarmiðstöðina og Sjálfsbjörg Isf. Hugmyndin er sú að Þekkingarmiðstöðin opni 8. júní á næsta ári í tengslum við þing Sjálfsbjargar sem hefst þann sama dag.“



Fyrsti íbúinn, Jónína Bjarnadóttir, flytur í Sjálfstæða búsetu með stuðningi í janúar 2002. Jónína er fyrir miðri mynd. Með henni á myndinni er systir Jónínu, Helga Bjarnadóttir og Tryggvi Friðjónsson.

## Góðir samstarfsmenn

Tryggvi segir í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á starfsemi undanfarna mánuði þá sé dýrmætt að hafa góða samstarfsmenn með sér í verkum. „Ég er svo lánsamur að hafa mér við hlið fólk sem hefur starfað lengi að málefnum Sjálfsbjargar og Sjálfsbjargarheimilisins og hefur því mikla reynslu. Þegar ég horfi til baka þá er enn þann dag í dag sami kjarni starfsmanna sem hefur í rauninni gert mér kleift að vinna þetta starf og mig langar að nefna nokkra. Fyrir á skrifstofunni var Þórdís Richter, sem hefur starfað með mér í öll þau ár sem ég hef verið framkvæmdastjóri, verið mín hægri hönd allan þennan tíma og reynst góður samstarfsmaður og félagi að öllu leyti. Guðrún Erla Gunnarsdóttir er hjúkrunarforstjóri, sem byrjaði hér ári á undan mér 1988, Erla Jónsdóttir, er félagsráðgjafi sem um þessar mundir er að ná tuttugu ára starfaldri og Valerie Harris iðjuþjálfari, sem kom til okkar 1990 og hefur verið hér allan götur síðan með einu hléi þegar hún fór á heimaslóðir til Ástralíu og var þar um tveggja ára skeið. Hún kom aftur og er forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargar. Aðra starfsmenn sem ég vil nefna og hafa verið hér lengi eru Guðlaugur Harðarson sem hefur yfirumsjón með fasteignarekstrinum og hóf hér störf á árinu 1987 og Garðar Halldórsson sem er yfirmaður mótuneytisins. Hann er „bara“ búinn að vera í 14 ár hér. Á Sjálfsbjargarheimilinu starfa um 100 manns. Vert er að geta þess að einn starfsmaður eldhússins, Kristján Hjaltested matreiðslumaður, er búinn að vinna hér frá því húsið var tekið í notkun eða frá árinu 1973. Tveir starfsmenn hafa verið hér lengur en 30 ár, þær Sigríður Ágústsdóttir frá árinu 1975 og Edda Pálsdóttir frá árinu 1979. Það er ómetanlegt fyrir



hvern vinnustað að hafa á að skipa góðum samstarfsmönnum sem kosið hafa að helga vinnustaðnum starfskrafta sína um langt árabil.

Það segir auðvitað sitthvað um starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins að við höfum fengið formlega viðurkenningu frá SFR sem er stéttarfélag í almannaþjónustu. Félagið hefur verið í samstarfi við VR við val á stofnun/fyrirtæki ársins. Sjálfsbjargarheimilið hefur þrisvar sinnum verið valið fyrir myndarstofnun og síðast þegar við vorum valin, árið 2009, höfnuðum við í þriðja sæti og höfum alltaf verið í efsta sæti í flokki heilbrigðisstofnana. Þessar viðurkenningar eru staðfesting á því að hér er góð samstaða um hlutina sem m.a. birtist í því sem mér finnst mikilvægt að reynt hefur verið að gæta þess að leysa vandamál sem koma upp á yfirborðið fljótt og vel. Þetta skiptir máli vegna hagsmuna þeirra sem við veitum aðstoð. Sem betur fer höfum við verið það lánsöm að slík mál hafa ekki oft komið inn á borð til okkar en það hefur þurft að taka á nokkrum málum og leysa þau.“

### Endurskipulagning Sjálfsbjargarheimilisins

Heimilishluti Sjálfsbjargarheimilisins hefur gengið í gegnum ákveðna endurskipulagningu undir styrkri forystu Guðrúnar Erlu hjúkrunarforstjóra. „Við höfum frá árinu 2002 boðið úrræði sem við köllum Sjálfstæða búsetu með stuðningi. Í íbúðarálfmu Sjálfsbjargarhússins búa nú 13 einstaklingar í slíku úrræði. Þeir leigja sína íbúð og greiða fyrir þá aðstoð og þjónustu sem þeir fá sem er um það bil það sama sem greitt er á sambýlum sem komin eru í hendur sveitarfélaga eftir flutninginn á málefnum fatlaðara til sveitarfélaganna. Það vinnst margt með því að koma hverjum og einum í betra einkarými. Breytingin felst m.a. í því að þá fer viðkomandi af vasapeningum yfir á lífeyri, en vasapeninga-fyrirkomulagið er löngu úrelt og tel ég það vera brot á mannréttindum að vera að skammta vasapeninga.

Í byrjun október þá náðum við þeim áfanga, vegna þess hversu margir eru komnir í sjálfstæða búsetu, að geta lokað einni hæð af þremur í Sjálfsbjargarheimilinu. Upphaflega bjuggu á þriðju hæðinni fimmtán einstaklingar í 15 herbergjum sem eru 12 fermetrar að stærð og þurftu að deila baðherbergi með öðrum. Þetta er fyrirkomulag sem á ekki að viðgangast í dag og við viljum halda þessari þróun áfram og vinnum af fullum krafti að þeim málum en allt tekur sinn tíma.

Hvað varðar aðra rekstarþætti Sjálfsbjargarheimilisins þá má nefna sundlaugina sem var opnuð 1981 á ári fatlaðra. Sundlaugin er opin almenningi en er samt fyrst og fremst ætluð hreyfi-hömluðum og síðan eru lokaðir tímar bæði fyrir þá sem koma hér í þjónustumiðstöðina og búa hér á heimilinu og einnig fyrir aðra hópa m.a. Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík. Sundlaugin er rekin að hluta til með styrk frá Reykjavíkurborg vegna opinna tíma fyrir almenning.

Rétt er að nefna að nú þegar þriðja hæðin hefur losnað þá eru uppi hugmyndir um að leigja það húsnæði í starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi sem rekin er hér í húsinu. Á fyrstu hæðinni er rými sem hefur verið leigt út til einkaaðila og þar eru nú tveir aðilar, kirópraktor og sérfræðingur í nálastungum sem leigja húsnæði og bráðlega bætist við nuddari. Fyrir er hér Stjá sjúkrahjálfun sem rekin hefur verið við góðan orðstír í einkaeigu sjúkrahjálfaranna frá árinu 1996.

### Málefnið frá ríki til sveitarfélaga

Ekki er hægt að skilja við Tryggva án þess að spyrja hann um hvort einhver reynsla sé komin á flutning málefni fatlaðra frá ríki



Trygvi ásamt Þórdísi Richter, skrifstofustjóra. Myndin er tekin á þingi Sjálfsbjargar Ísf. í júní árið 1990.

til sveitarfélaga. „Ég held að það hafi verið rétt ákvörðun að færa málefnið til sveitarfélaganna en við hjá Sjálfsbjörg teljum þó að í undirbúningnum hefði mátt gera betur. Það hefði átt að ljúka endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra. Æskilegast hefði þó verið að ganga alla leið og afnema sérlæg um málefni fatlaðra. Gerð var úttekt á stöðunni eins og hún var áður en málaflökkurinn var fluttur um áramótin og sú skýrsla var kynnt í lok október á ráðstefnu. Ég tel að mikilvægt sé að sveitarfélögin styðjist við þá úttekt og að önnur úttekt sem verður gerð árið 2014 verði m.a. nýtt til að tryggja sveitarfélögum fjármagn í samræmi við kröfur til þeirra á hverjum tíma.

Við höfum helst áhyggjur núna af mismunandi stöðu sveitarfélaganna. Það þarf að tryggja að fatlaðir hvar sem þeir búa fái sambærilega þjónustu. Það hefur verið kallað á okkur af velferðarráðuneytinu til að gefa álit á endurskoðun á lögum á málefnum fatlaðra og við höfum gefið okkar álit og teljum að það þurfi að huga að mörgu, t.d ferðaþjónustu fatlaðra sem við höfum ákveðnar áhyggjur af. Sú þjónusta er að mörgu leyti í góðu horfi í Reykjavík og við heyrum að það standi til að öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sameinist um að semja við einn aðila um ferðaþjónustu á öllu svæðinu en við lögðum áherslu á það við ráðuneytið að það yrði að tryggja að þessi þjónusta yrði góð.

Annað mál sem er stórt mál hjá landsambandinu er aðgengismálin og enn er verið að gera hluti sem ekki eru í lagi gagnvart fötluðum. Eftir að hafa starfað á vegum Sjálfsbjargar í rúm 20 ár þá er ég orðinn á móti skábrautum. Skábrautir eru til þess að greiða fólki leið en eru um leið birtingarmynd um aðstöðu fatlaðra í samfélaginu. Með skábrautum er töluvert langt í land að tryggja fötluðum jafnrétti. Skábrautir eru víða og kynntist ég slæmu dæmi um notkun á skábraut á ráðstefnu í Hörpu þar sem maður hefði búist við betri lausn. Margir telja sig hafa leyst vandamál með því að hafa skábraut en í samfélagi sem byggir á jafnrétti allra hópa eiga skábrautir ekki að finnast.“

## – Takk fyrir veittan stuðning –

### REYKJAVÍK ▼

ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9  
Atlantík ehf, Grandagarði 14  
Exton ehf, Fiskislóð 10  
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17  
Fiskmarkaðurinn veitingahús, Aðalstræti 12  
Fjallabak ehf, Skólavörðustíg 12  
Forum lögmenn ehf, Aðalstræti 6  
Gull og silfur ehf, Laugavegi 52  
Gullnáman, Tjarnargötu 4  
Gústaf Þór Tryggvason, Tjarnargötu 10d  
Iceland Excursion ehf, Hafnarstræti 20  
Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8  
Listasafn Hótel Holt ehf, Bergstaðastræti 37  
Lögmennsstofan Réttur, Klappargötu 25-27  
Raftíðni ehf, Grandagarði 16  
Sjómannafélag Íslands, Skipholti 50d  
Snyrtisetrið Domus Medica sími: 533 3100, v/Barónstíg 47  
Stúdíó Stafn ehf, Ingólfstræti 6  
Teiknistofan Óðinstorgi verkfræðideild, Óðinsgötu 7  
Vesturborg ehf, Ásvallagötu 19  
Ögurvík hf, Týsgötu 1  
Gjögur hf., Grenivík, Kringlunni 7  
HM Bókhald ehf, Kringlunni 7  
V.R., Kringlunni 7  
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a  
Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11  
Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6  
Löndun ehf, Kjalavogei 21  
Nýi öskulólinn ehf www.meiraprof.is, Klettagörðum 11  
Ólafur Þorsteinsson ehf, Vatnagörðum 4  
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a  
Stólpi gámar ehf, Klettagörðum 5  
Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1  
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d  
BSRB, Grettisgötu 89  
Efling stéttarfélag, Sætúni 1  
Endurskoðendabjónustan ehf, Skipholti 50d  
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8  
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4  
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut  
KOM almannatengsl, Höfðatorgi  
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 18b  
Samiðn, Borgartúni 30  
SFR stéttarfélag í almannabjónustu, Grettisgötu 89  
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14  
Smith og Norland hf, Nóatúni 4  
T. ark Teiknistofa ehf, Brautarholti 6  
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur ehf, Laugavegi 163  
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2  
Varahlutaverslunin Kistufell, Brautarholti 16  
Félag eggjaframleiðenda - Hildur Traustadóttir, Bændahöllinni  
Grásteinn ehf, Grímshaga 3  
Markaðsráð kindakjöts, Bændahöllin v/ Hagatorg  
Aðalvík ehf, Ármúla 15  
Bifreiðastillingar Nicolai, Faxafeni 12  
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23  
Bræðurnir Ormsson ehf, Síðumúla 9  
Framtíðarorka ehf, Stóragerði 27  
Garðs Apótek, Sogavegi 108  
Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66  
Hugsjá ehf, Ármúla 36  
Ís-spor ehf, Síðumúla 17  
Landssamtökin Proskahjálp, Háaleitisbraut 13  
Lýfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22

Rafna ehf, Suðurlandsbraut 16  
Rafsól ehf, Síðumúla 34  
SÍBS, Síðumúla 6  
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17  
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar, Síðumúla 25  
Tölvar ehf, Síðumúla 1  
Verkfærassalan ehf, Síðumúla 11  
Seljakirkja, Hagaseli 40  
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Pangbakka 8  
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115  
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2 A  
Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5  
Harald og Sigurður ehf, Stangarhyl 6  
Íslandspóstur hf, Stórhöfða 29  
Ísold ehf, Nethyl 3-3a  
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6  
Láshúsið ehf, Bildshöfða 16  
Lindin, kristíð útvarp FM 102.9, Krókhálsi 4  
MD vélar ehf, Vagnhöfða 12  
Ósal ehf, Tangarhöfða 4  
Trex - Hópförðamiðstöðin ehf www.trex.is, Hesthálsi 10  
Efnamóttakan hf, Gufunesi  
Gluggahreinsun Loga, Funafold 4  
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11  
Innes ehf, Fossaleyni 21  
Landsnet hf, Gylfaliót 9  
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7  
Arctic rafting, Þorláksgaia 46  
Rafsvið sf, Þorláksgaia 100  
Klébergsskóli, Kjalarnesi

### SELTJARNARNES ▼

Prentsmiðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14  
Tannlæknastofa Ragnars Ó Steinarssonar ehf, Eiðstorgi 15

### KÓPAVOGUR ▼

Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1  
Barki - Vélvangur ehf, Nýbýlavegi 22  
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf, Skemmuvegi 34  
Bókun sf endurskoðun, Hamraborg 1  
Goddí ehf, Auðbrekku 19  
Landvélar ehf, Smiðjuvegi 66D  
Léttfeti ehf - Sendibílar, Engihjalla 1  
Logey ehf, Vesturvör 7  
Rafholt ehf, Smiðjuvegi 8  
Raftækjavinnustofa Einar Stefánssonar, Kársnesbraut 106  
Reynir bakari, Dalvegi 4  
SR múr ehf, Laufbrekku 19  
Tengi ehf, Smiðjuvegi 76  
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6  
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32  
Vélsmiða Heiðars ehf s: 554-2570, Skemmuvegi 24  
Eignarhaldsfélag Brunabótáfélags Íslands, Hliðasmára 8  
Marás ehf, Akralind 2  
Nobex ehf, Hliðasmára 6  
SagaMedia ehf, Akralind 2  
Söluurinn Smári, Dalsvegi 16c  
Vetrarsól ehf, Askalind 4  
Vidd ehf, flisaverslun, Bæjarlind 4  
Kriunes ehf, Kriunesi við Vatnsenda

### GARÐABÆR ▼

Árvík hf, Garðatorgi 3  
Framtak, véla og skipaþjónusta, Vesturhrauni 1  
Garðabær, Garðatorgi 7  
Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c  
H.Filipsson sf, Miðhrauni 22

### HAFNARFJÖRDUR ▼

Ás, fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17  
Fiskvinnslan Kambur ehf, Cuxhavengötu 1  
FM-hús ehf, Bæjarhrauni 8  
Hvalur hf Hafnarfirði,  
Hyggir endurskoðunarstofa, Reykjavíkurvegi 66  
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1  
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8  
Saltkaup hf, Cuxhavengötu 1  
Spennubreytar, Trönuhrauni 5  
Sýningaljóð sf, Klettagötu 12  
Tæknistál ehf, Grandatröð 12  
Varma & vélaverk, Dalshrauni 5  
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64  
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf, Reykjavíkurvegi 70  
Finpússning ehf, Rauðhelli 13  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1  
Ísmenn ehf, pípulagnir, Selhelli 5  
Stekkur ehf, Berghelli 2

### ÁLFTANES ▼

Járnbrá ehf, Blikastíg 6

### REYKJANESBÆR ▼

DMM Lausnir ehf, lðavöllum 9b  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Sannubraut 36  
Samkaup hf  
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12  
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14  
Grímsnes ehf, Steinás 18  
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Crossmóa 4

### VOGAR ▼

V.P.vélaverkstæði ehf, lðndal 6

### GRINDAVÍK ▼

Stakkavík ehf, Bakkalág 15b  
Vísir hf, Hafnargötu 16  
Porbjörn hf, Hafnargötu 12

### SANDGERÐI ▼

Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24

### MOSFELLSBÆR ▼

Glertækni ehf, Völuteigi 21  
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36  
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10

### AKRANES ▼

Ehf, Álmskógum 1, Álmskógum 1  
Glit máln ehf, Einigrund 21  
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2  
Straumnes rafverktakar, Krókatúni 22-24  
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4  
GT Tækni ehf, Grundartanga

### BORGARNES ▼

Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11  
Hársnyrtistofa Margrétar, Kveldúlfsgötu 27  
Landnámssetur Íslands, Borgarnesi, Brákarbraut 13-15  
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarbraut 18-20  
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hjarðarfelli 2

### STYKKISHÓLMUR ▼

Heimahornið ehf, Borgarbraut 1  
Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 24

# Styrkir til bifreiðakaupa hafa legið þungt á félagsmönnum Sjálfsbjargar



**Bergur Þorri Benjamínsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar lsf.**

**F**rá því fyrsta júní á þessu ári hefur undirritaður starfað sem málefnafulltrúi Sjálfsbjargar landsambands fatlaðra. Starfshlutfall mitt er 20% sem ég sinni gegnum síma og í tölvusambandi. Þetta hefur gefist vel að mínu mati enda er hægt að sinna öllu því sem ég þarf að sinna hvaðan sem er í heiminn með nútímataekni. Auk þeirra verkefna sem hér eru tiltekinn sinni ég uppfærslu á heimasíðu samtakanna og fylgist með þeim almenna tölvupósti sem samtökunum berst. Mig langar að fara yfir nokkur þeirra verkefna sem ég hef tekið fyrir og gera grein fyrir þeim. Tekið skal fram að ég á mjög náið samstarf við formann og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar í allri minni vinnu enda þarf allur minn málflutningur að vera í samræmi við stefnu Sjálfsbjargar.

## **Frumvarp verði unnið upp á nýtt**

Velferðarnefnd Alþingis var send umsógn vegna nýrra nýrra lyfjalaga en þau gera ráð fyrir stóraukinni þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði en jafnframt að lyfjaverslanir taki að sér það hlutverk að dreifa þeim kostnaði sem fellur til við lyfjaúttektir hverju sinni. Sjálfsbjörg mótmælti í umsógn sinni að ekki liggi fyrir þær upphæðir sem fólk mun þurfa að greiða sjálft, og eins með hvaða hætti áður nefndri greiðsludreifingu verður háttáð. Það verður að segjast að það er mín skoðun sem málefnafulltrúa að frumvarp þetta sé það illa unnið að ekki sé hægt að ætlast til en að það verði unnið upp á nýtt áður en það kemur til efnislegrar afgreiðslu á Alþingi Íslendinga.

Úttekt á afsláttarkjörum 20 sveitarfélaga var lögð fram á sambandsstjórnarfundum Sjálfsbjargar í október 2011. Þar kom fram að tekjuviðmið

sveitarfélaga eru mjög mismunandi og ljóst að það kerfi afsláttar er nokkuð miðað að þörfum aldraðra sem er með lágur tekjur. Fatlaðir sem eiga til að mynda fjölskyldu njóta alla jafna ekki þeirrar fyrirgreiðslu sem kröfur ætti að gera um til sveitarfélaga. Af stóru húsnæði þarf fólk að greiða eftir sem áður há þjónustugjöld svo sem lóðarleigu og vatnsgjald. Í framhaldinu ræddi ég við formann Sambands íslenskra sveitarfélaga og er það mín ætlun að fylgja málinu þar eftir.

## **Hjálpartæki taka pláss**

Síðast en ekki síst verður að nefna þann hring sem búið er að fara, en undirritaður hefur reynt að ná sambandi við bæði velferðar- og fjármálaráðuneytið vegna bílamála. Eftir nokkra bið og ítrekanir um svör við þeim vangaveltum sem ráðuneytunum voru sendar kom loksins svar frá starfsmanni velferðarráðuneytisins. Í framhaldinu verður fundur nú um miðjan nóvembermánuð þar sem ætlunin er að velja við öllum steinum sem viðkoma þessu máli. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að styrkir til bifreiðakaupa hafa legið þungt á félagsmönnum Sjálfsbjargar, enda er það augljóst að ekki er möguleiki fyrir fatlað fólk að skipta bílum sínum 4-5 ára gömlum upp í nýja. Þeir einstaklingar sem áður fyrr gátu verið á meðalstórum bílum eða jepplingum hafa ekki önnur ráð en færa sig yfir í smábíla eða litla fólksbíla. Því er eðlilegt að fatlað fólk spyrji sig hvort ráðamenn hafi engan skilning á að hjálpartæki taki pláss? Það er ljóst að á þessu máli og mörgum öðrum verður að taka og koma til betri vegar.

*Bergur Þorri Benjamínsson,  
málefnafulltrúi Sjálfsbjargar lsf.*



*Embla Ágústsdóttir,  
formaður NPA miðstöðvarinnar*

# NPA

## sé raunverulegur valkostur fyrir fatlað fólk á Íslandi

NPA miðstöðin svf. var stofnuð þann 16. júní árið 2010 og er samvinnufyrirtæki í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks, rekin án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs. Miðstöðin er ein sinnar tegundar héraendis en er byggð á erlendum fyrirmyndum. Miðstöðin byggir alla sína starfsemi á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og að allt fatlað fólk sem telur sig þurfa aðstoð eigi að hafa rétt á notendastýrði persónulegri aðstoð. Allir þeir sem eru með NPA eða hafa hug á því að sækja um slíkt geta gerst eigendur NPA miðstöðvarinnar í gegnum vefsíðuna npa.is. Í tilvikum barna verður foreldri eða forráðamaður eigandi miðstöðvarinnar fyrir hönd barnsins þar til það nær 18 ára aldri.

NPA, eða notendastýrð persónuleg aðstoð, er þjónustuform sem byggir á því að notendurnir fái greiddar beingreiðslur frá sínu sveitarfélagi og ákveði svo sjálfir hverjir aðstoða þá, hvenær og við hvað. Á Íslandi eru mjög fáir sem hafa NPA vegna þess að NPA er ekki enn orðið viðurkennd þjónustuleið.

Þó hlutverk og starfsemi NPA miðstöðvarinnar séu margþætt og flókin þá er grundvallar markmiðið mjög skýrt, það er að styðja fólk í baráttunni um NPA og að aðstoða fatlað fólk sem nú þegar er með NPA að halda utan um skipulag þjónustunnar.

### Mánaðarlegir fræðslufundir

Í vor kom NPA miðstöðin starfsemi sinni upp í Keldnaholti í húsnæði Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þar deilir miðstöðin húsnæði með fjölda frumkvöðla sem allir vinna að því að skapa nýjungar á Íslandi og er því viðeigandi fyrir miðstöðina að vera staðsetta í þessu umhverfi. Í vetur leggur NPA miðstöðin megin áherslu á að ryðja öllu því úr vegi sem hindrar það að NPA sé raunverulegur valkostur fyrir fatlað fólk á Íslandi. Það felur til dæmis í sér að herja á stjórnvöld að viðurkenna NPA sem leið í þjónustu við fatlað fólk m.a. með þróun löggjafar og kjara-



samninga fyrir aðstoðarfólk. Einnig er mikil áhersla lögð á að styðja við bakið á eigendum miðstöðvarinnar og er til að mynda starfandi jafningjaráðgjafahópur sem ætlaður er eigendum miðstöðvarinnar sem hittist reglulega. Markmið jafningjaráðgjafahópa er að skapa aðstæður fyrir eigendur miðstöðvarinnar til þess að ræða saman um sameiginlega reynslu sína og þannig styrkjast í baráttunni fyrir NPA. Einnig stendur miðstöðin mánaðarlega fyrir opnum fræðslufundum þar sem fjallað er um tiltekin mál er snúa að NPA. Á þessum fundum skapast tækifæri til þess að heyra fjölbreytta fyrirlestra og að kynnast öðru fólki sem hefur sambærilega reynslu. Hægt er að fylgjast með komandi viðburðum á heimasíðu NPA miðstöðvarinnar npa.is og á facebook síðu miðstöðvarinnar.

### Metnaðarfullur hópur fólks

Hjá NPA miðstöðinni vinnur metnaðarfullur hópur fólks að því að byggja upp starfsemi miðstöðvarinnar með það að markmiði að sem flestir geti fengið NPA sem allra fyrst. Jákvæðni og skjót vinnubrögð hafa einkennt vinnu þessa hóps síðastliðna mánuði og frábært er að sjá hve margir bætast í hópinn jafnt og þétt. Sem formaður NPA miðstöðvarinnar fyllist ég gleði og innblæstri þegar ég hugsa til þessa hóps. Það sem gleður mig mest er að finna hvernig þessi hópur virkilega trúir að við getum og munum ná markmiðum okkar.

Það er ljóst að enn er margt óunnið í baráttunni fyrir mannlegri reisn og réttinum til sjálfstæðs lífs okkar allra. Saman getum við þó breytt hinu ómögulega í hið mögulega. Setjum markið eins hátt og hægt er og gleymum aldrei að við höfum öll okkar sögu að segja og að hver einasta saga skiptir máli.

*Embla Ágústsdóttir.*



# Götuhernaðurinn oryrki.is

Götuhernaðurinn er sumarverkefni sem er unnið á átta vikum af hreyfihömluðum ungmennum síðan 2004. Verkefnið sem byrjaði sem blaðamennska er nú komið út í myndbandagerð og útvarpsrekstur og

gengur út á það að bæta ímynd hreyfihamlaðra með því að snúa gildum samfélagsins á haus, fatlaðir gerðir að fyrirmyndum í samfélaginu á kaldhæðinn og fyndinn hátt.

Síðastliðið sumar fengum við strákarnir stóran styrk frá Evrópu unga fólksins og ákváðum því að skipta sumrinu í tvo hluta. Í fjórar vikur gerðum við stutt myndbönd (betur þekktir sem sketchar) sem við settum síðan á netið. Unnum við meðal annars með Haffa Haff, Flugbjörgunarsveitinni, lögreglunni, Saga Film og mörgum öðrum. Seinni fjórar vikurnar settum við síðan upp útvarpsstöð í samstarfi við Radio.is og rákum hana það sem eftir var af sumrinu. Þangað komu einnig góðir gestir eins og Flosi Þorgeirsson gítarleikari í hljómsveitinni HAM og Stefán Magnússon framkvæmdastjóri hátíðarinnar Eistnaflugs sem er haldin á Neskaupsstað ár hvert.

Einnig tókum við þátt í ýmsum viðburðum tengdum Sjálfsbjörg. 17. júní rákum við meðal annars sjoppu og seldum þar ýmsar kræsingar sem eru við hæfi á þessum degi sem og happdrættismiða Sjálfsbjargar en dregið var á Jónsmessu. Þá skráði ég mig líka í Reykjavíkurmaraþonið til styrktar Sjálfsbjörg og gerðum við strákarnir þjálfunarmyndaband og kynntum það eins mikið í fjölmiðlum og við gátum.

Verkefnið gekk mjög vel í heildina og vonandi höldum við áfram næstu sumur að skemmta Íslendingum með þessum „öryrkjahúmor“ okkar. Allt efni frá okkur er að finna á [www.facebook.com/oryrki](http://www.facebook.com/oryrki) eða [www.youtube.com/gotuhernaðurinn](http://www.youtube.com/gotuhernaðurinn).

*Andri Valgeirsson,  
umsjónarmaður oryrki.is*



Útvarpsmennirnir Andri Valgeirsson og Svavar Freyr Ástvaldsson í stúdíóinu.



Unnur Skúladóttir tekur við vinningi í Jónsmessuhappdrætti Sjálfsbjargar 2011, bifreið af gerðinni Chevrolet Spark LS frá Bílabúð Benna. Með Unni á myndinni er til vinstri Grétar Pétur Geirsson, formaður Sjálfsbjargar landsambands fatlaðra og Benedikt Eyjólfsson framkvæmdastjóri Bílabúðar Benna.



## Jólahappdrætti Sjálfsbjargar

Happdrætti Sjálfsbjargar fer fram tvisvar á ári. Dregið var í Jónsmessuhappdrætti Sjálfsbjargar þann 24. júní. Nú er komið að jólahappdrættinu og er dregið í því 24. desember. Miðar hafa verið sendir tilteknum fjölda landsmanna en einnig fer fram lausasala. Í ár er happdrættið tileinkað Busli unglingastarfi Sjálfsbjargar og í texta á happdrættismiðanum segir m.a. um starfsemina:

„Sjálfsbjörg landsamband fatlaðra er með unglingastarf fyrir hreyfihömluð ungmenni. Á vegum þess er nú unnið að verkefni sem byggir á hugmyndafræði er kallast ævintýrameðferð.

Ævintýrameðferð er skilgreind sem aðferð til að skapa tækifæri til að reyna á þolmörk hvers og eins. Þátttakendur taka þátt í leikjum sem byggja á því að treysta hvert öðru og leysa úr þrautum sem krefjast samvinnu og útivistar. Rannsóknir hafa sýnt að ævintýrameðferð eykur sjálfstraust og sjálfsmat unglinganna, vilji til samvinnu eykst, lausnarmiðuð nálgun styrkist og félagshæfni einstaklinga eflist. Að reyna á persónuleg þolmörk sín og fara út fyrir þægindasvið sitt gerir það að verkum að einstaklingurinn horfir með jákvæðari augum á líf sitt og getu...“



Pitt lukkunúmer er:

Miðaverð kr. 2.000  
Hægt er að greiða miðann með greiðslukorti  
Hringið í síma 550 0360

### Jólahappdrætti Sjálfsbjargar 2011

Með kaupum á miða happdrættinu styður þú BUSL, unglingastarf Sjálfsbjargar. Markmiðið með starfi unglinganna er að sá frægum í huga þeirra svo þeir sjái að þrátt fyrir hreyfihömlun sé allt hægt. Sjá nánari upplýsingar um BUSLið á bakhlið miðans.



## VINNINGASKRÁ

**1. VINNINGUR** Bifreið af gerðinni Kia Picanto EX, 1,2 5 dyra sjálfskipt frá bílaumbodinu Öskju ehf. með 7 ára Kia-ábyrgð, að verðmæti 2.597.777 kr.

**2.-11.**

VINNINGUR

Tíu iPone 4S 16 GB farsímar frá Epli.is, hver að verðmæti 169.990 kr.

**12.-21.**

VINNINGUR

Tíu Sony 40" HD sjónvörp, frá Sony Center hvert að verðmæti 159.990 kr.

**22.-31.**

VINNINGUR

Tíu bensínúttektir, hver að verðmæti 100.000 kr.

**32.-55.**

VINNINGUR

24 vöruúttektir að eigin vali, hver að verðmæti 60.000 kr.



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir,  
formaður Sjálfsbjargar í Skagafirði**

# Leggjum áherslu á aðgengi hvort sem er í bæjum eða sveitum



*„Ákveðinn hópur á Sauðárkróki hefur verið að beita sér í þessum málum í bænum sjálfum og svo ætlum við að beita okkur fyrir því að sumarbústaðir sem eru leigðir út séu gerðir þannig úr garði að fatlað fólk geti verið þar á sömu forsendum og aðrir, en það er alltof lítið um það á öllu landinu að fatlað fólk geti farið í sumarfrí og leigt sér bústað vegna aðgengismála.“*

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, grafískur hönnuður, var kosin formaður Sjálfsbjargar í Skagafirði fyrir á þessu ári, þá nýgengin í félagið. „Þegar ég var beðin um að taka við félaginu hafði öll starfsemi legið niðri í nokkur ár og var haft samband við mig og ég spurð hvort ég væri til í að endurreisa þetta gamalgróna félag. Ég tók vel í það og fór að fóta mig áfram, koma stjórn á laggirnar og ýmislegt annað sem fylgir félagsstarfsemi. Það gekk ágætlega að manna stjórnina þrátt fyrir annríki hjá mörgum félagsmönnum og hefur tími okkar síðan farið í vinnu við að koma félaginu af stað.“

Þuríður segir að meðal þess sem félagið vilji beita sér af fullum krafti við eru aðgengismálin eins og mörg önnur félög gera sem eru innan landssambandsins. „Ákveðinn hópur á Sauðárkróki hefur verið að beita sér í þessum málum í bænum sjálfum og svo ætlum við að beita okkur fyrir því að sumarbústaðir sem eru leigðir út séu gerðir þannig úr garði að fatlað fólk geti verið þar á sömu forsendum og aðrir, en það er alltof lítið um það á öllu landinu að fatlað fólk geti farið í sumarfrí og leigt sér bústað vegna aðgengismála. Þetta bitnar jafn á fötluðum sem fara á eigin vegum og foreldrum barna, sem kannski eru í hjólastól, allt reynist erfiðara þegar aðgengismálin eru ekki í lagi.“

**Húsnæði sem er barn síns tíma**  
Sjálfsbjörg í Skagafirði á hús á Sauðárkróki og hefur átt lengi. „Segja má að

húsnæðið sé barn síns tíma, það þarf að huga að breytingum í húsnæðismálum okkar. Þetta er gamalt hús og úr sér gengið og það þarfnast mikilla lagfæringa til að koma húsinu í gott lag. Slíkar lagfæringar eru allt of dýrar og kostnaðarsamar fyrir fámennt félag eins og okkar, auk þess sem það er dýrt að eiga svona hús, en það eru aðeins rúmlega tuttugu manns skráð í félagið, fólk sem er að miklum hluta gamlir félagar. Betra er fyrir okkur að leigja sali og fundaraðsetur en að eiga húsið. Þannig að segja má að húsnæðismálin séu ofarlega á dagskrá hjá okkur ásamt aðgengismálum. Það verður sem sagt nóg að gera hjá okkur á næstu misserum sem sitjum í stjórn Sjálfsbjargar í Skagafirði og í mörg horn að líta.“

Þuríður er grafískur hönnuður og er í fullu starfi og rekur auglýsingastofu og prentsmiðju á Sauðárkróki. „Við erum átta sem vinnum þar og er ég eigandi frá árinu 2005, ásamt Kaupfélaginu, en hafði verið starfsmaður áður. Og þrátt fyrir kreppuna þá hefur reksturinn gengið ágætlega enda kom kreppan seinna út á land og við höfðum því meiri tíma til að venjast og verjast henni.“

Þuríður tekur fram að lokum að hún sé ákaflega hrifin af Þekkingarmiðstöðinni sem verið er að koma á fót. „Þekkingarmiðstöðin er það sem vantaði og við biðum eftir. Og eftir á spyr maður sjálfan sig af hverju var þetta ekki til staðar fyrir löngu síðan, en ég er mjög ánægð með framtakið.“



Umræðunni um skóla án aðgreiningar hefur verið haldið við hér á landi m.a. með námskeiði sem haldið var í júní í sumar og skipulagt var af Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar og námsbrautinni Nám fullorðinna. Próffessorarnir Julie Allen og John Field frá Stirling háskóla í Skotlandi leiddu námskeiðið sem var vel sótt en alls tóku tæplega 40 manns þátt í því. Myndin er frá námskeiðinu.

## Sjálfsbjörg Isf. þátttakandi í Evrópuverkefni

# Skóli án aðgreiningar

Frá því haustið 2009 hefur Sjálfsbjörg Isf., ásamt félagasamtökum fatlaðra í fjórum öðrum þjóðlöndum (Frakklandi, Ítalíu, Rúmeníu og Bretlandi) tekið þátt í verkefni um skóla án aðgreiningar styrktum af menntastofnun Evrópu, Leonardo og Grundtvig. Styrkurinn stendur straum af öllum kostnaði í tengslum við ferðir og vinnu sem fylgir þátttöku í verkefninu.

Í stuttu máli má segja að megininntak stefnunnar um skóla án aðgreiningar sé að allir eigi jafnan rétt á fullri þátttöku í skólalastarfi þrátt fyrir skerðingu eða fötlun af einhverju tagi. Í þessu felst m.a. að fatlaðir nemendur fái alla þá aðstoð sem þeir þurfa innan skólakerfisins ásamt viðeigandi aðlögun á námsefni o.s.frv.

Markmið verkefnisins var að skapa betri skilning á aðferðafræði skóla án aðgreiningar. Reynt var að skilgreina hvaða hindranir hamla skólalastarfi án aðgreiningar og jafnframt hvað styrkir það.

### Aðstæður til menntunar eru misjafnar

Þátttakendur komu að verkefninum á þrennan hátt: sem fatlaðir nemendur, sem foreldrar/aðstandendur fatlaðs barns eða sem fagaðilar. Verkefnið snérist um hugtakið um skóla án aðgreiningar og vann hver hópur með viðfangsefnið út frá sínu sjónarmiði.

Eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins var að beina sjónum að

fötlum nemendum og fullorðnum með hamlanir og höfða til þeirra sjálfra og fá sjónarmið þeirra fram.

Aðstæður til menntunar eru mjög misjafnar í þessum löndum og héldu allar þátttökubjóðirnar kynningu á námsframboði og tækifærum til menntunar í heimalandi sínu. Skólar voru heimsóttir ásamt því að skoða lagaumgjörð og aðstæður til menntunar í hverju landi. Hver hópur skilaði svo af sér skýrslu eftir hverja heimsókn þar sem tilgreind var sú vinna sem fór fram á fundinum.

### Heimsókn til Frakklands

Verkefninu lauk svo með heimsókn til Frakklands í júní 2011 þar sem unnið var að lokaskýrslu og niðurstöðum verkefnisins. Vonast er til að þær niðurstöður og sú vinna sem hefur farið fram nýtist til að bæta og flýta framförum í framkvæmd skóla án aðgreiningar. Niðurstöðunum hefur verið komið inn í Háskólasamfélagið og á fleiri staði þar sem þær geta nýst í umræðunni um skóla án aðgreiningar, til hagsbóta fyrir nemendur með fötlun.

Sjálfsbjörg Isf. hefur nú skilað inn lokaskýrslu til landsskrifstofu Grundtvig og Leonardo á Íslandi. *Jón Heiðar Jónsson*



*Leifur Leifsson vill að  
Buslið sé rekið eins og hvert  
annað unglिंगastarf*

# ALLT ER HÆGT ÞEGAR VILJINN ER FYRIR HENDI

**L**eifur Leifsson var unglिंगur þegar leið hans lá í Buslið og var hann þar um skeið með öðrum ungum krökkum. Þegar hann hafði síðan aldur til gerðist hann leiðbeinandi í Buslstarfinu ásamt því að vekja athygli fyrir að gera ýmislegt sem í fyrstu ætti ekki að vera mögulegt þeim sem er í hjólastól, en Leifur hefur aldrei látið fötlun sína stoppa sig.

Sumarið 2004 gerði Leifur heimildarmynd í samstarfi við Evrópusambandið sem bar heitið Öryrkinn ósigrandi. Myndin fjallaði um fatlað fólk í hjólastól og hvað fatlað fólk getur gert þrátt fyrir fötlun sína, sem er oft á tíðum það sama og ófatlaðir geta gert ef viljinn er fyrir hendi. Í myndinni var reynt að gera hluti sem fatlað fólk gerir yfirleitt ekki, eins og að fara á mótórhjól og river rafting og var Leifur fyrsti maðurinn í hjólastól til að

fara upp á Esjuna, og naut hann þar aðstoðar ófatlaðra einstaklinga. Sumarið 2005 var heimildarmyndin síðan tilnefnd til verðlauna hjá ESB í flokki „Youth in Action“ verkefna.

Meðal annarra verkefna sem Leifur hefur unnið að má nefna „Götuheraðinn“ en það verkefni byggðist að mestu leyti á því að halda úti heimasíðu. Á heimasíðunni eru hýstar stuttmyndir þar sem staðalmyndum samfélagsins var snúið á hvolf með húmorinn að vopni. Meðfram þessu lauk Leifur svo stúdentsprófi á félagsfræðibraut í Borgarholtsskóla árið 2006. Leifur er einnig meðlimur í hjólastólaveitinni en sú sveit samanstendur af fjórum einstaklingum sem hver um sig flytur uppistand við ýmis tækifæri og má geta þess að Leifur tók þátt í Fyndnasti maður Íslands fyrir stuttu.

Síðustu misseri hafa auk þess að starfa

með Buslinu mikið til farið í að undirbúa fleiri fjallaferðir og þá án aðstoðar og hefur hann þegar lokið við að fara á Snæfellsjökul, ekki einu sinni heldur tvisvar. Þá er stutt síðan Leifur var þess heiðurs aðnjótandi að fá Kærleikskúluna þetta árið.

Klifur heimsótti Leif þar sem hann býr á Sléttuveginum og tók hann tali um Buslið og annað sem hann hefur haft fyrir stafni og eins og vænta mátti var ekki komið að tómun kofanum hjá Leifi.

## Gerum það sem öllum krökkum langar að gera

„Aðalaáherslan með Buslinu er að reka unglिंगastarf eins og allt annað slíkt starf, reka það eins og félagsmiðstöð og við erum ekki með starfið fastmótað heldur að gera það sem öllum öðrum unglिंगum finnst skemmtilegt að gera og



langar að gera hvort sem það er að horfa á myndband, eða fara í bíó, elda saman eða stunda einhverja útiveru og kjörorð okkar er „Allt er hægt“.

Busl var til þegar ég var unglingur og ég kem inn í starfið þegar ég var tólf ára í kringum 1996, varð síðan leiðbeinandi, en hætti um tíma, en kom svo aftur eftir að starfið var að lognast út af, taldi það ekki gott mál og við tókum höndum saman og byrjuðum aftur á starfinu með því að byggja upp hóp sem kominn er í sex til átta krakkar sem eru virkir í dag. Í upphafi voru það aðeins tveir krakkar en þetta hefur smá verið að aukast. Mitt starf hefur í raun verið að rifja upp fyrir krökkunum hvað mér fannst skemmtilegt þegar ég var í Buslinu og fá þau til að segja mér hvað þau langar til að gera og þetta hefur leitt til ýmissa skemmtilegra atburða sem þessir krakkar gerðu sér ekki vonir um að fá að reyna við.

Við erum ekki með sjúkrahjálfa eða iðjuþjálfra sem leiðbeina krökkunum heldur aðeins sjálfboðaliða sem eru eru á aldrinum 18–22 ára sem hafa fengið tilsögn frá mér hvernig á að stunda starfið. Ef einhver vandamál hafa komið upp þá er bara tekið á þeim á staðnum og yfirleitt er hægt að leysa þau. Útivera er mikið atriði í mínum huga og hafa Busl krakkarnir á síðasta starfsári farið meðal annars í helluferð, river rafting og fjórhjólaferð. Svona stórar ferðir kosta tíma og undirbúning en ánægjan er mikil og í lok hverrar ferðar er farið að tala um þá næstu. Í heildina hefur þetta heppnast mjög vel, en það er með þetta eins og allt annað unglingastarf, ekkert gerist í hvelli heldur þarf nægan tíma til undirbúnings.“

### Sérsmíðaður fjallastóll

Leifur fór í hefðbundið nám og kláraði stúdentinn í Borgarholtsskóla. „Þegar ég hafði lokið náminu vissi ég í raun ekki hvað mig langaði að gera en fékk vinnu í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar þar sem ég starfa enn og líkar afskaplega vel. Fékk í byrjun góðan tíma til að starfa að Buslinu en eftir að það starf var komið vel af stað þá hef ég verið við ýmis störf í Þjónustumiðstöðinni, vinn sem Þjónustufulltrúi og tek á mótí fólki, svara í símann og vísa fólki í viðtöl svo eitthvað sé nefnt.“

Leifur er spurður um upphafið að fjallgöngum hans. „Hugmyndin að Esjuferðinni kom í Borgarholtsskólanum í sambandi við mætingar í fimleikatíma. Vinur minn var í slæmum málum hvað það

Leifur Leifsson tekur á mótí Kærleikskúlni.

Með honum á myndinni eru Yoko Ono og Þórdís Yurie Jónsdóttir.



varðar, en gönguferð á Esjuna gildi sem fimm mætingar. Ég var undanskilinn leikfiminni en fór til kennarans og spurði hvort vinur minn fengi ekki mætingar mínar ef við færum tveir saman á Esjuna. Þetta var auðsótt mál. Við komust í þeirri ferð upp að Steini og vinur minn fékk tíu mætingar skráðar sem fleytti honum í gegn. Ég ákvað svo að klára ferðina um sumarið og fór þá alla leið upp á topp.

Það var síðan eftir helluferð með Busl krökkunum þar sem þátttakendur gera allt innan öryggisramma að ég fór að hugsa í alvöru um að klífa fjöll án hjálpar. Í helluferðinni þurfti að skríða um lítið op þar sem enginn gat staðið uppréttur og allir voru því á jafnræðisgrundvelli og þurftu að nota hendurnar, hvort sem það voru hreyfihamlaðir krakkar eða björgunarsveitarmenn sem voru til aðstoðar. Þetta var í byrjun árs 2010 og ég og Birgir Freyr Birgisson fórum þá að spá í hvort mögulegt væri fyrir mig að fara hjálpar-

laust upp á fjall. Birgir taldi þetta hægt væri nægur tími til staðar til að útfæra fjallgönguna. Stefán Þór Björnsson björgunarsveitarmaður fannst líklegt að hægt væri að fara slíka ferð en setti spurningamerki við stólinn sem eðlilegt er og var okkur strax ljóst að það þurfti að sérsmíða stól fyrir fjallgönguna. Mesti tíminn fór síðan í að búa til stólinn. Fyrst ætlaði ég að finna allt í stólinn á Internetinu og fá Íþróttasamband fatlaðra til að flytja inn og úr yrði græja sem fleiri en ég gætu notað. Ekki gekk það upp þar sem Íþróttasamband fatlaðra taldi þetta kosta allt of mikinn pening.

Við gáfumst því upp á að fá hlutina í stólinn frá útlöndum en í staðinn fundum við Jóhann Kjartansson, sem vinnur hjá KM-stáli. Hann er skipasmiður að mennt og hefur smíðað flutningssleða fyrir þá sem eru að fara langar leiðir á skiðum yfir jökla. Við settumst niður og töldum þetta mögulegt en að okkur vantaði verkfræðing

og þá fengum við óvæntan stuðning frá verkfræðistofunni Mannvit sem lánaði okkur tækniteknara og orkuverkfræðing til að hjálpa okkur. Fleiri studdu við bakið á okkur og segja má að stuðningurinn hafi komið frá ólíklegustu stöðum. Ef ég hefði þurft að borga fyrir alla þá aðstoð sem ég fékk í smíða hjólastólinn þá hefði ég orðið fljótt blankur. Þá má ekki gleyma því að ég þurfti að koma mér í gott líkamlegt form og hafði samband við Hreyfingu sem tók mér vel og fékk ég líkamsræktarkort og þrjá líkamsræktarþjálfara sem tóku mig að sér í sjálfböðavinnu og er ég enn að vinna með einum þeirra. Því verður ekki neitað að stundum þegar ég vaknaði á morgnana hraus mér hugur við því hvað ég væri búinn að koma mér út í, en fékk sjálfstraustið fljótt á ný þegar ég hugsaði til allra þeirra sem höfðu trú á mér og voru tilbúin að eyða sínum frítíma í að hjálpa mér.“

## Úr Elliðaárdalnum á Snæfellsjökul

„Þegar ég var kominn í form og stóllinn tilbúinn var fyrsta ferðin á Snæfellsjökul sem var mjög skemmtileg ferð. Fyrsta alvöru æfingin var aftur á móti í Elliðaárdalnum þar sem ég fann grasbrekku sem ég notaði sem skíðabrekku. Þetta var erfið brekka þar sem skíðin renna illa í grasi og hugsunin var að ef færðin á jöklinum væri slæm þá yrði það eins og að vera á grasinu. Þegar ég var búinn að fara nokkrar ferðir fór þetta að lagast en það var ekki laust við að fólk á göngu stoppaði og spyrði hvað við værum að gera og svörðuðum við oft í léttum dúr að við hefðum rétt misst af snjónum.

Úr Elliðaárdalnum fórum við í Bláfjöll þar sem aðallega var prufað á sléttlendi og síðan var það Snæfellsjökull. Eftir velheppnaða ferð var síðan stefnan tekin á Hvannadalshnjúk. Ég hafði hugsað mér að fara á hnjúkinn á mánudegi en það var eins og við manninn mælt að á sunnudeginum kom Eyjafjallajökulseldgosið fræga svo ég á enn eftir að fara á Hvannadalshnjúkinn. Í staðinn fórum við aðra ferð á Snæfellsjökul. Núna erum við að fara yfir ferðirnar tvær og undirbúa okkur fyrir Hvannadalshnjúk sem ég ætla að reyna við í apríl ef allt gengur að óskum.“

## Hreyfiafl

Eftir fjallaferðirnar fór Leifur ásamt Birgi Frey að huga að því að fleiri gætu notað þá miklu vinnu sem fór í undirbúninginn og þá þekkingu sem varð til og

Leifur Leifsson  
í sérsníðaða  
fjallastólnum sínum.



stofnuðu þeir félagsskap sem þeir kalla Hreyfiafl og er markmið félagsins að brjóta niður múra fyrirframgefna hugmynda um hvað fatlaðir geta og mega gera. Í útgangsorðum hjá Hreyfiafli segir „...að fatlað fólk taki þátt í samfélaginu til jafns við aðra og án aðgreiningar (e. inclusion) Hugmyndafræðin um þátttöku án aðgreiningar kveður á um að allir menn mæti fötluðum einstaklingum á frjálsglegan, opinskáan og vægðarlausan hátt og beini orku sinni í að finna lausnir en ekki takmarkanir. Hugmyndir almenningu um getu fólks með hreyfihömlun getur leitt til óheppilegs álits eða tilfinninga til þeirra, og ýtt undir að þátttaka hreyfihamlaðra sé takmörkuð af fyrirfram gefinni (van)þekkingu, skoðunum, eða ástæðu. Rætur hindrana eru fyrst og fremst viðhorf, umhverfi og

skipulag samfélagsins en ekki skerðing einstaklingsins“.

„Það er til fatlað fólk,“ segir Leifur „sem langar að gera eitthvað en veit ekki hvert það á að snúa sér og Hreyfiafl á að taka á þeim vanda og vera með aðstoðarfólk á skrá sem tilbúið er að hjálpa þegar fatlaður einstaklingur hefur samband við Hreyfiafl.“

Eins og kunnugt er þá fékk Leifur Kærleikskúluna frá Styrktarfélagi lam- aðra og fatlaðra, sem að þessu sinni nefndist „Skapaðu þinn eigin heim – Draw Your Own Map“, afhenta við háttíðlega athöfn í október og var það sjálf Yoko Ono sem afhenti honum gripinn. „Þetta var mikil viðurkenning og gaman að hitta Yoko en ég gerði í raun lítið annað en að taka í hendina á henni og brosa til hennar.“





# BUSL ferðir

Í BUSL starfinu eru skráð ellefu ungmenni veturinn 2010–2011 og í vetur var farið í eftirfarandi ferðir sem voru skilgreindar sem ævintýraferðir:

- HELLAFERÐ
- FJÓRHJÓLAFERÐ
- FLÚÐASIGLING NIÐUR HVÍTÁ

Leiðbeinendur starfsins hringdu í alla þátttakendur og ræddu ýmist við foreldra eða unglíngana varðandi skipulag ferðar og markmið. Fyrir hellaferðina var haldinn foreldrafundur þar sem farið var yfir öryggismál og framkvæmd. Heyra mátti ýmsar áhyggjur hjá þátttakendum meðal annars hvort þau hefðu getu til þátttöku með tilliti til hreyfihömlunar og í öllum tilvikum var hægt að ræða og finna út hverjar þær hindranir gætu verið og hvernig leyst yrði úr þeim.

## Hellaferðin

Í hellaferðinni var fjöldi sjálfboðaliða frá Rauða krossinum, skyndihjálparhópi Rauða krossins, flughjörgunarsveit Reykjavíkur og leiðbeinendur úr BUSL starfinu.

Hellirinn sem varð fyrir valinu er rétt fyrir ofan hesthúsin í Hafnarfirði á leið að Kaldárseli. Hellirinn er aðgengilegur en þegar inn er komið er þátttakendum gefið val á að halda áfram en hægt er að fara inn í þröngt op innarlega í hellinum þar sem eina leiðin til að komast áfram er að skriða. Þar fyrir innan eru þrjú herbergi í viðbót og til að komast inn í þau þarf að bögglast

á jörðinni, skriðandi og reynist það flestum erfitt hreyfihömluðum sem óhreyfihömluðum. Það má segja að allir séu jafnvígir, allir þurfa aðstoð og allir verða að aðstoða til að allt gangi upp. Með í ferðinni voru fimmtán sjálfboðaliðar sem aðstoðuðu tíu þátttakendur.

## Fjór hjólaferðin

Fyrir flesta var fjór hjólaferðin fyrst og fremst skemmtileg. Í hópnum voru þátttakendur sem höfðu aldrei hugsað sér að reyna að keyra slík hjól og því var þátttakan viss áskorun fyrir suma. Á plani fjór hjólaeigunnar máttu allir sem vildu reyna að keyra hjól. Reyndar var veðrið ekki upp á sitt besta en hægt er að nýta slíka umhverfisþætti sem hindrun sem við öll þurfum að kljást við. Í ferðinni voru sex sjálfboðaliðar og fimm þátttakendur.

## Flúðasigling niður Hvítá

Fyrir flúðasiglinguna var haft samband við alla foreldra og þátttakendur. Þeir sem ekki komu með í flúðasiglinguna gáfu upp ýmsar ástæður, til dæmis voru einstaklingar með áhyggjur af framkvæmdinni, hvernig aðstoðinni yrði háttáð eða treystu sér ekki í ferðina með þá óvissu að vita ekki nákvæmlega hvað þau voru að fara út í. Þátttakendur voru líklegri til að koma með í ferðina ef foreldrar voru jákvæðir gagnvart ferðinni. Farin var góð og örugg leið niður Hvítá og því minni líkur á að missa mann útbyrðis í flúðum. Ekki var mikill straumur í ánni þennan dag og gekk ferðin því snurðulaust fyrir sig.



**Magnús Reynir Guðmundsson,  
formaður Sjálfsbjargar á Ísafirði**

# Vona að sem flestir mæti á fyrirhugaðan fund þar sem félagið verður endurreist

Magnús Reynir Guðmundsson er formaður Sjálfsbjargar á Ísafirði. Hann hefur mikla reynslu af málefnum fatlaðra en hann var tólf ár formaður Svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Vestfjörðum og hefur auk þess áralanga reynslu af félagsmálum. Hann sat í bæjarstjórn Ísafjarðar og var bæjarritari um árabíl. Auk þessa var hann var um skeið varapingmaður Steingríms Hermannssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar.

„Það er ekki mikið hægt að segja um starfsemi Sjálfsbjargar á Ísafirði í dag. Starfsemi á vegum félagsins hefur legið niðri um langt skeið en nú er verið að

vekja athygli á félaginu og safna fólki saman til að koma því á laggirnar á ný og er félagsfundur næsta skrefið. Þegar ég kom að félaginu fyrir ári síðan hafði það legið í dvala um tíu ára skeið og engin stafsemi á vegum þess, en nú á að reyna að endurreisa það og vil ég nota tækifærið og óska eftir því að fólk sem hefur áhuga á að taka þátt í endurreisn félagsins gefi sig fram við mig, bæði þeir sem hafa beinna hagsmuna að gæta og þeir sem geta hugsað sér að vera styrktarfélagar.“

## Breyttir tímar

Sjálfsbjörg á Ísafirði var stofnað 29. september 1958 og var mjög virkt á sínum tíma með mörgum meðlimum. Félagið rak meðal annars vinnustofu í gróskumikilli starfsemi. „Í dag eru breyttir tímar og erfitt að reka félög af miklum krafti, en það sem ég tel einna brýnast og er mér ofarlega í huga eru ferlimálin. Þetta er stórt mál hjá öllum félögum innan landssambandsins og eitt allra stærsta málið í réttindabaráttunni.

Meðan Svæðisskrifstofan var og hét starfaði gott fólk þar, fólk sem tók við af svæðisstjórnnum og þjónaði vel málum fatlaðra almennt. Til dæmis var gerð könnun á vegum svæðisskrifstofunnar á ástandi opinberra staða hvað varðar aðgengi. Var búin til viðamikil skýrsla með ljósmyndum og skýringum um hvernig staðan er á Vestfjörðum. Ég afhenti Grétari Péttri, formanni Sjálfsbjargar Ísf. þessa skýrslu í vor og ég held að hún

*Sjálfsbjörg á Ísafirði  
var stofnað 1958 og var mjög  
virkt félag í mörg ár.*



sé afskaplega góður grunnur og kemur í ljós í henni að það hefur mikið áunnist í þessum málum þó vissulega þurfi meira til.

Hér á Ísafirði hefur ýmislegt verið gert, t.d. er búið að merkja bílastæði mjög víða og ég hef á tilfinningunni að skilningur sé að aukast á því að gott aðgengi er sjálfsögð mannréttindi fyrir fatlaða til að komast áfram í lífinu. En betur má ef duga skal og það þarf t.d. að endurnýja gamlar gangstéttir á Ísafirði og koma þeim í gott lag.“

### Áhersla lögð á að fá sem flesta í félagið

Hvað varðar flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna þá er það skoðun Magnúsar Reynis að þessum málum hafi

verið sinnt vel á Svæðisskrifstofunni. „Ég hef þá trú að það muni ekki breytast mikið frá því sem var og alls ekki versna þó ég sé svona persónulega á þeirri skoðun að það muni heldur ekki batna mikið.“

Magnús Reynir getur ekki svarað því hve margir eru í félaginu í dag. „Þegar starfseminn lá niðri þá fækkaði mikið og við eigum eftir að ganga frá félagatali sem verður gert eftir fyrrnefndan fund sem er mjög áriðandi fyrir okkur og á þeim fundi verður áhersla lögð á að fá sem flesta inn í félagið. Þegar félagið var með mestum blóma þá voru um 30 til 40 meðlimir.

Við eigum húseign sem er í leigu og er ágætur tekjustofn fyrir félagið. Meðeigandi okkar er Berkjavörn sem var félag

hér á vegum SÍBS og er húsnæðið leigt fyrir verslunarrekstur. Í dag er það Húsa-smiðjan sem leigir húsnæðið. Þessi húseign gefur okkur tekjur, sem runnu til landsambandsins þegar starfsemi félagsins lá niðri, en nú eru þær tekjur komnar aftur til okkar og verða notaðar til að byggja félagið upp fjárhagslega svo hægt sé að gera eitthvað fyrir þá sem þurfa á hjálp að halda.“

Magnús minnir á að í nágrannabæjarfélaginu Bolungarvík sé rekið öflugt Sjálfsbjargarfélag. „Því félagi hefur Anna Torfadóttir stýrt um árabíl af miklum skörungsskap og hef ég verið í sambandi við hana um endurreisn félagsins hér á Ísafirði.“

## Sjálfsbjörg þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn



Schindler



**LETURVAL**

Hönnun – Umbrot – Prentun

Sími 581 1080 – 898 3795



## Tilraunaverkefni á vegum Nordisk Handicap Forbund (NHF) um ferðapjónustu fatlaðra í höfuðborgum Norðurlandanna

# Hvers vegna samvinnuverkefni um ferðapjónustu fatlaðra?

Það að hafa aðgang að ferðapjónustu fatlaðra erlendis, er liður í að bæta lífsskilyrði hreyfihamlaðra og draga úr mismunun á grundvelli fötlunar. Það er því afar mikilvægt að möguleikinn sé fyrir hendi. Þó almenningsamgöngur verði gerðar aðgengilegar fyrir hreyfihamlaða, mun þó ávallt vera til hópur fólks sem þarf á ferðapjónustu fatlaðra að halda.

Þjóðirnar sem tóku þátt í verkefninu (Ísland, Noregur, Svíþjóð og Danmörk) hafa allar skrifað undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og sumar þeirra hafa lögfest hann. Með undirritun sinni hafa þjóðirnar skuldbundið sig til að ganga ekki gegn því sem í samningnum stendur.

Tilgangur verkefnisins var að sýna fram á að hægt sé að hafa samvinnu um ferðapjónustu fatlaðra milli landa. Ætlunin var að fá næga reynslu til að unnt yrði að koma á sem bestu skipulagi

um framkvæmd slíkrar samvinnu til frambúðar. Langtímamarkmið er að sjálfsögðu að hreyfihamlaðir geti nýtt sér ferðapjónustu fatlaðra hvar sem er á Norðurlöndum – og helst í allri Evrópu.

### Í hverju fólst verkefnið?

Verkefnið var milli Reykjavíkur, Oslóar, Kaupmannahafnar og Stokkhólms. Ekki tókst að fá Helsinki með í verkefnið, m.a. vegna þess að þar stóðu yfir breytingar á fyrirkomulagi ferðapjónustu fatlaðra. Verkefnið fólst í því að hreyfihamlaðir íbúar borganna, sem dvöldu í áðurnefndum borgum í lengri eða skemmri tíma, gátu nýtt sér ferðapjónustu fatlaðra. Gengið var út frá því að sömu reglur giltu um þá sem ferðast og heimamenn á hverjum stað.

Um tilraunaverkefni var að ræða, sem stóð í tvö ár, frá 8. desember 2008 til 31. desember 2010 og veitti Norræna ráðherra nefndin styrk til verkefnisins. Við upphaf verkefnisins var gefin út fréttatilkynning. Fulltrúi Sjálfsbjargar skrifaði auk þess kynningu um verkefnið á heimasíðu félagsins, kynnti það á fundum og skrifaði grein í Klifur, blað Sjálfsbjargar Isf.

### Starf nefndarinnar

Í fyrstu funduðu fulltrúar frá félögum hreyfihamlaðra á Norðurlöndum (sem mynda NHF) og var einn fulltrúi frá hverju félagi. Fyrsti áfanginn var að fá borgirnar til að samþykka þátttöku í verkefninu. Það tókst í öllum tilfellum, nema í Helsinki. Eftir það var einnig einn fulltrúi frá hverri borg á fundum nefndarinnar. Embættismennirnir skrifuðu undir samning, fyrir hönd sinna borga, um þátttöku í verkefninu. Fundað var reglulega og farið yfir stöðuna, hvað gekk vel og hverju mátti breyta, þar sem um tilraunaverkefni var að ræða, var framkvæmd þess í stöðugri skoðun.

Verkefnisstjórnin var sænskur og voru flestir fundir nefndarinnar haldnir í Stokkhólmi. Fulltrúi Sjálfsbjargar Isf. sat flesta fundi en Reykjavíkurborg sendi ekki alltaf sinn fulltrúa.

### Framkvæmd verkefnisins

Á tímabilinu sem verkefnið stóð yfir, nýtti einn Íslendingur sér verkefnið erlendis (pantaði tvær ferðir á vegum ferðapjónustu fatlaðra í Kaupmannahöfn). Reykjavíkurborg hafði einnig fengið fyrirspurnir vegna verkefnisins frá aðila, sem þó gat ekki nýtt sér



Þorbera Fjölfnisdóttir, fulltrúi  
Sjálfsbjargar Isf.  
í Ferðapjónustunefnd NHF.

**STOÐ**  
Við styðjum þig

**30 ár**  
1982-2012

**VIÐ STYÐJUM ÞIG!**

**STOÐ býður til opinna fræðslufunda mánaðarlega allt afmælisárið 2012.**

Fróðlegir fyrirlestrar, erlendir og innlendir gestir og spennandi umfjöllunarefni.

Hlökkum til að sjá þig!

| Trönuhrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 2885 | [www.stod.is](http://www.stod.is) | [stod@stod.is](mailto:stod@stod.is)  
| Orkuhúsinu | Suðurlandsbraut 34 | 108 Reykjavík | Sími 565 1991

það, þar sem viðkomandi hafði keypt svokallað „hopp-fargjald“ og fyrirvarinn var því of stuttur til að hægt væri að nýta sér verkefnið.

Áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á flugsamgöngur olli því að ferðir sem búið var að panta í Reykjavík frá Svíþjóð, vorið 2010, voru ekki nýttar. Fékk Reykjavíkurborg því ekki reynslu af því að taka á móti erlendum notanda ferðaþjónustu fatlaðra.

Á tímabilinu nýttu alls 31 einstaklingar sér verkefnið og pöntuðu 81 ferð. Flestir fóru til Kaupmannahafnar (stærsti hópurinn frá Osló). Fyrirfram hafði jafnvel verið búið við fleiri þátttakendum en fjárhagskreppan hefur ugglaut haft sín áhrif. Gerð var könnun meðal þeirra sem nýttu sér verkefnið og lýstu allir ánægju með það og lýstu jafnframt ósk um að áframhald yrði á því að ferðalangar gætu pantað ferðaþjónustu fatlaðra í löndunum og þá ekki einungis í höfuðborgunum, heldur sem víðast.

Framkvæmd verkefnisins olli nokkrum vandkvæðum hjá Kaupmannahafnarborg, þar sem fyrirkomulag ferðaþjónustu fatlaðra er með nokkuð öðrum hætti en í hinum borgunum. Þetta gekk þó allt saman með smá fyrirhöfn fyrir danska embættismanninn í nefndinni.

### Kostir/gallar

Stærsti kosturinn er að hægt sé að panta ferðaþjónustu fatlaðra erlendis, þ.e. að möguleikinn sé fyrir hendi.

Gallar: Langur fyrirvari á að panta ferðir útilokar þá sem ákveða ferðir með stuttum fyrirvara. Vantar akstur til og frá Leifsstöð. Í öllum hinum borgunum er hægt að fá akstur með ferðaþjónustu fatlaðra til og frá flugvelli. Búið er að ræða við fulltrúa Reykjavíkurborgar sem sýndi málinu skilning. Sjálfsbjörg þarf að vinna að þessu máli með borginni.

### Sérstaða Íslendinga

Íslendingar eru nær algerlega háðir flugi um samgöngur til annarra landa. Smyril-line bílaferjan er aðgengileg fyrir hjólastóla en hún siglir einungis á sumrin og það er langt ferðalag að sigla með henni milli landa, sem ekki allir treysta sér í. Hreyfihamlaðir sem eiga sérútbúna bíla komast því í langfæstum tilfellum með sína bíla til annarra landa, ólíkt öðrum hreyfihömluðum Norðurlandabúum. Því er sá möguleiki að geta nýtt sér ferðaþjónustu fatlaðra erlendis, sérstaklega mikilvægur fyrir hreyfihamlaða Íslendinga, sem annars þurfa að eyða stórfé í leigubíla sem geta tekið hjólastóla.

Fulltrúi Sjálfsbjargar í nefndinni fékk það samþykkt hjá Reykjavíkurborg, að þó einstaklingur eigi bifreið og eigi því alla jafna ekki rétt á ferðaþjónustu fatlaðra hérlendis, þá uppfyllir það skilyrði til að eiga rétt á ferðaþjónustu fatlaðra erlendis, ef viðkomandi þarf á hjólastól að halda á ferðalögum erlendis. Er þá einmitt tekið tillit til þeirrar sérstöðu Íslendinga að eiga þess ekki kost að ferðast með sérútbúinn bíl milli landa. Annað sem fulltrúi Sjálfsbjargar fékk samþykkt hjá borginni, var að þó verkefnið væri strangt til tekið bundið við íbúa höfuðborga Norðurlandanna, þá gátu hreyfihamlaðir íbúar annarra bæjar- og sveitarfélaga nýtt sér það, að því tilskyldu að heimasveitarfélagið væri búið að samþykkja að greiða hlut hins opinbera í ferðunum. Í hinum löndunum áttu einungis notendur ferðaþjónustu fatlaðra í borgunum rétt á þátttöku í verkefninu.

### Samvinnan við Reykjavíkurborg

Afstaða Reykjavíkurborgar gagnvart samvinnuverkefninu um



Ferðaþjónustubíll fyrir fatlaða, en mikilvægt er að geta nýtt sér ferðaþjónustu fatlaðra erlendis, sérstaklega mikilvægt fyrir hreyfihamlaða Íslendinga, sem annars þurfa að eyða stórfé í leigubíla sem geta tekið hjólastóla.

ferðaþjónustu fatlaðra í höfuðborgum Norðurlandanna var frá upphafi jákvæð. Ekki er að merkja breytingu á afstöðu borgarinnar gagnvart frekari samvinnu um ferðaþjónustu fatlaðra á Norðurlöndunum í framtíðinni.

Alls hafa verið fjórir fulltrúar frá Reykjavíkurborg síðan verkefnið hóf göngu sína og hefur það valdið svolitlum erfiðleikum að fólk, sem ekki er alveg með á hreinu um hvað málið snýst, hafi verið látið taka við því. Þetta hefur kostað töluverð fundarhöld fulltrúa Sjálfsbjargar í ferðaþjónustunefnd NHF með hinum nýju fulltrúum borgarinnar.

### Hvert verður framhaldið?

Ferðaþjónustunefndin hefur unnið lokaskýrslu um verkefnið sem lögð var fyrir stjórnarfund NHF 6. apríl sl. í Helsinki. Það er ósk nefndarinnar að það verði lagt til að Norræna ráðherranefndin beiti sér fyrir því að komið verði á fót samvinnu um ferðaþjónustu fatlaðra milli landanna til frambúðar. Stjórn NHF samþykkti það á fundi sínum og mun hún einnig fara þess á leit við Norrænu ráðherranefndina að hún beiti sér fyrir því að fá Helsinki með í þá samvinnu. Til að byrja með er um að ræða höfuðborgir landanna en væntingar standa til að fleiri borgir bætist við með tíð og tíma.

Pólitísk ákvörðun Norrænu ráðherranefndarinnar þarf að liggja til grundvallar, svo hægt sé að koma á fót samvinnu milli Norðurlandanna um ferðaþjónustu fatlaðra til lengri tíma.

*Þorbera Fjölvisdóttir.*



# Arnór Pétursson

Fallinn er frá góður félagi og baráttumaður í málefnum fatlaðra aðeins 62 ára að aldri. Fyrstu alvöru kynni mín af Arnóri Péturssyni voru árið 2000 þegar Arnór, sem þá var formaður Sjálfsbjargar landsambands fatlaðra, spurði mig hvort ég væri ekki til í að bjóða mig fram til gjaldkerastarfa landsambandsins. Mér þótti þetta mikil áskorun og heiður og unnum við saman í framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar landasambands fatlaðra í fjögur ár. Á þessum tíma lærði ég mikið um starfsemi Sjálfsbjargar enda Arnór búinn að lifa og hrærast í þessum málum í mörg ár. Hann bar hag Sjálfsbjargar mjög fyrir brjósti alla tíð.

Arnór var einn af stofnendum Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík og aðaldrif-fjöldrin í byggingu Íþróttahússins sem hýsir starfseminu í dag að Hátúni 14. Að ráðast í slíka framkvæmd var að mörgu leyti brjálæði en Arnór var þannig gerður að hann eflist eftir því sem áskoranirnar urðu stærri. Hann hafði ákveðna sýn og skynjaði þörfina á slíku húsi. Með tilkomu hússins gjörbreyttist allt umhverfi fatlaðs

fólks til að æfa íþróttir og hefur fært fötluðum marga sigra; ekki einungis á íþróttasviðinu heldur einnig eftir félagsvitund og sjálfstraust þess.

Arnór spilaði með ÍA á sínum yngri árum en þrátt fyrir að slasast ungur í bílslysi og vera þaðan í frá í hjólastól þá minnkaði áhuginn á boltanum ekki. Hann fór á alla leiki sem hann mögulega gat. Arnór var einnig mikill skákmaður og hélt utan um þá starfsemi hjá Sjálfsbjörg í mörg ár. Arnór var mikill keppnis- og hugsjónamaður sem sést best á því sem hann áorkaði í sínu starfi í þágu fatlaðra og allt var þetta fyrst og síðast sjálfboðavinnu. Hans merki liggja víða, ekki bara hjá Sjálfsbjörg eða Íþróttafélagi fatlaðra heldur líka í gegnum vinnu hans hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þar var mikið leitað beint til hans um ýmis réttindamál hvað varðar bætur, bílamál og öll þau réttindi sem fólk taldi sig eiga þar.

Arnór Pétursson var ekki skoðanalaus maður. Hann hafði sterka réttlætiskennnd og var fylginn sér. Ef það voru einhver mál sem snéru að ráðuneytunum fór hann



beint til ráðherra, það virkaði best – hitt tók of langan tíma að hans mati. Hin síðustu ár fór heilsunni mjög að hraka. Baráttuandinn var hins vegar alltaf sá sami og viljinn til að láta gott af sér leiða.

Fjölskyldu Arnórs sendi ég mínar dýpstu samúðarkeðjur.

*Grétar Pétur Geirsson  
formaður Sjálfsbjargar Isf.*

# Júlíus Arnarson

Júlíus eða Júlli eins og hann oftast var kallaður er látinn aðeins 67 ára að aldri. Júlli var einstakur maður fyrir margra hluta sakir. Hann hafði einstakt lundarfar og átti ákaflega gott með að vinna með fólki. Það sást best á því starfi sem hann helgaði sig í áratugi en það var að kenna krökkum íþróttir sem áttu við ýmsar fatlanir að etja, bæði líkamlegar og andlegar. Þolinmæði var honum í blóð borin og hafði hann einstakt lag á að nálgast krakkana og fá þau til að vinna með sér. Júlíus var formaður Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík í 14 ár. Það er á engan hallað

þó að sagt sé að fáir hafa skilað eins miklu og göfugu íþróttastarfi í þágu fatlaðra eins og Júlíus gerði. Hann skynjaði mikilvægi íþróttaiðkunar fyrir þessa einstaklinga. Sagt er að maður komi í manns stað en það verður erfitt af fylla það skarð sem Júlíus skilur eftir sig. Ég vil fyrir hönd Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra votta aðstandendum samúð mína og öllum þeim sem eiga um sárt að binda við fráfall góðs vinar. Minning um góðan dreng lifir.

*Grétar Pétur Geirsson  
formaður Sjálfsbjargar Isf.*



## – Takk fyrir veittan stuðning –

### ÓLAFSVÍK ▼

Steinnun ehf, Bankastræti 3

### HELLISSANDUR ▼

Hraðfrystihús Hellissands hf, Hafnarbakka 1  
KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1  
Sjávriðjan Rífi hf, Hafnargötu 8

### REYKHÓLAHREPPUR ▼

Glæðir, blómaburður sími: 866 9386, Hellisbraut 18

### ÍSAFJÖRÐUR ▼

Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7  
Tréver sf, Hafraholti 34  
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf, Aðalstræti 26

### BOLUNGARVÍK ▼

Bolungarvíkkaupstaður, Aðalstræti 12  
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf,  
Árbæjarkanti 3  
Málningarlagerinn sf, Heiðarbrún 1

### PATREKSFJÖRÐUR ▼

Albína verslun, Aðalstræti 89  
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, Stekkum 1  
Vestri hf - Oddi, Eyragötu  
Flakkarinn ehf, Brjánslæk

### TÁLKNAFJÖRÐUR ▼

Pórberg hf, Strandgötu

### PINGEYRI ▼

Brautin sf, Vallargötu 8

### NORÐURFJÖRÐUR ▼

Hótel Djúpvík ehf, Árneshreppi

### BLÖNDUÓS ▼

Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda, Húnaþing 13

### SKAGASTRÖND ▼

Skagabyggð, Höfnum  
Sveitarfélagið Skagastrand, Túnbraut 1-3  
Vélaverkstæði Skagastrandar, Strandgötu 30

### SAUÐÁRKROKUR ▼

Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10  
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1  
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15  
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni

### VARMAHLÍÐ ▼

Akrahreppur Skagafirði,  
Ferðaþjónustan Bakkafliot s: 483-8245,  
www.bakkafliot.com

### AKUREYRI ▼

Eining-löja, www.ein.is, Skipagötu 14  
Grand ehf, Jörvabyggð 10  
Hnýfill ehf, Brekkugötu 36  
Höldur ehf - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12  
Ísgát ehf, Laufásögötu 9  
Raftákn ehf, Glerárgötu 34  
Samherji hf, Glerárgötu 30  
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi  
Slippurinn Akureyri ehf, Hjalteyrargötu 20  
Hlíðarskóli, Skjaldarvík  
Ólöf Steinunn Þórsdóttir, Bakka  
Blikkrás ehf, Óseyri 16

Endurhæfingarstöðin Sjálfbjörg Akureyri, Bugðusiðu 1  
Þrif og ræsitvörur ehf, Frostagötu 4c

### HÚSAVÍK ▼

Hóll ehf / Vinnuvélar - verktakar, Höfða 11  
Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13  
Val ehf, Höfða 5c  
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf, Hrísteigi 5  
Tjörneshreppur, Ytri Tungu

### MÝVATN ▼

Eldá ehf, Helluhrauni 15

### KÓPASKER ▼

Rífós hf, Lónin kelduverfi

### ÞÓRSHÖFN ▼

Trésmiðjan Brú hf, Brúarlandi

### VOPNAFJÖRÐUR ▼

Bílar og vélar ehf, Hafnarbyggð 14a  
Jónsver ses, Hamrahlíð 15  
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

### EGILSSTAÐIR ▼

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1  
Skrifstofubjón Austurlands ehf, Fagradalsbraut 11  
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

### SEYÐISFJÖRÐUR ▼

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

### BORGARFJÖRÐUR EYSTRÍ ▼

Fiskverkun Kalla Sveins ehf, Vörðubrún

### REYÐARFJÖRÐUR ▼

Launafi ehf, Hrauni 3  
Verkstjórafélag Austurlands, Austurvegi 20  
Þvottabjörn ehf, Búðareyri 25

### ESKIFJÖRÐUR ▼

Eskja hf, Strandgötu 39  
Fiskimið ehf, Strandgötu 39  
Fjarðarþrif ehf, Kirkjustíg 2

### NESKAUPSTAÐUR ▼

Rafgeisli Tómas R Zoëga ehf, Hafnarbraut 10

### FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR ▼

Fáskrúðsfjarðarkirkja, Skólavegi 69  
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

### BREIÐDALSVÍK ▼

Dýralæknirinn á Breiðdalsvík, Ásvegi 31

### HÖFN Í HORNARFIRÐI ▼

Bókhaldsstofan ehf, Krosseyjarvegi 17  
Sigurður Ólafsson ehf, Hlíðartúni 21  
Skinney - Pinganes hf, Krossey  
Skólaskrifstofur Hafnar, Hafnarbraut 27

### SELFOSS ▼

AB-skálinn ehf, Gagnheiði 11  
Fossvélar ehf, Hellismýri 7  
Veitingastaðurinn Menam, Eyrarvegi 8  
Básinn, Ingólfsskáli, Efstalandi  
Bisk-verk ehf, Bjarkarbraut 3, Reykholt  
Flóahreppur, Þingborg  
Gufuhlíð ehf, Gufuhlíð  
Hótel Hekla, Brjánsstöðum

Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum  
Nesey ehf, Suðurbraut 7 Gnúpverjahreppi  
Sólheimar í Grímsnesi,

### HVERAGERÐI ▼

Kjörís ehf, Austurmörk 15  
SportTæki ehf, Austurmörk 4

### ÞORLÁKSHÖFN ▼

Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21  
Eldhestar ehf, Völlum

### STOKKSEYRI ▼

Fjöruborðið veitingahús, Stokkseyri, Eyrarbraut 3a

### HVOLSVÖLLUR ▼

Helga Hansdóttir, Stóragerði 3  
Krappi ehf, byggingaverktakar, Ormsvöllum 5  
Kvenfélagið Bergþóra, Vestur Landeyjum  
Anna og Árni á Akri, Akri  
Búaðföng, Hvolsvelli, Bakkakoti 1

### VESTMANNAEYJAR ▼

Bessi hf, Sóleyjargötu 8  
Frár ehf, Hásteinsvegi 49  
Huginn ehf, Kirkjuvegi 23  
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28  
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun,  
Ofanleitisvegi 15-19  
Skýlið, Friðarhöfn  
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf, Kirkjuvegi 23  
Vélaverkstæði Þór ehf, Norðursundi 9  
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2



**VILBERG**  
**KRANALEIGA**  
**SÍMI 848 0800**





Margrét Sverrisdóttir, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson skrifa undir leikstjórasmninginn fyrir á árinu eftir að ákveðið var að setja upp Hassið hennar ömmu.

## *Halaleikhópurinn 20 ára á næsta ári*

# Hassið hennar ömmu á afmælisárinu

Halaleikhópurinn heldur upp á tuttugu ára afmæli á næsta ári. Auk árlegrar leiksýningar verður ýmislegt gert til að halda upp á afmælið. Í Halaleikhópnum er áhugafólk um leiklist sem samanstendur af fötluðum og ófötluðum einstaklingum. Halaleikhópurinn var stofnaður 27. september 1992 með það að markmiði að „íðka leiklist fyrir alla“ og hefur starfað óslitið síðan. Óhætt er að segja að Halaleikhópurinn hafi opnað nýja vídd í starfi leikhópa hér á landi, því í honum er fengist við leiklist á forsendum hvers og eins. Um leið hefur hópurinn opnað augu margra fyrir því að fatlað fólk getur þrátt fyrir ýmsar hindranir, leikið á sviði eins og aðrir.

Fyrsta sýning Halaleikhópsins var „Aurasálin eftir Moliere og meðal annarra leikrita má nefna „Allra meina bót, eftir þá Jón Múla og Jónas Árnasyni, Gullna Hliðið eftir Davíð Stefánsson, Túskildingsóperuna eftir Berthold Brecht, Nakinn maður og annar í kjölfötum eftir Dario Fo, Filamanninn eftir Bernard Pomerance, Kirsuberjagarðinn eftir

Tsjekhov, Pókók eftir Jökul Jakobsson og Gauksheiðrið eftir Dale Wasserman, en sú sýning, sem var í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar, var valin besta áhugamannaleiksýning 2007–2008 af dómnefnd sem Þjóðleikhúsið valdi. Nákvæma upptalningu á verkum Halaleikhópsins má finna á netsíðu leikhópsins, halaleikhoppurinn.is.

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, er formaður Halaleikhópsins og sagði hún í stuttu spjalli að á dagskrá hópsins væri alltaf að vera með minnst eina leiksýningu á ári. „Við byrjum að æfa fyrstu vikuna í nóvember, tökum okkur frí í desember og byrjum svo strax eftir jól en frumsýning er yfirleitt um mánaðarmótin janúar/febrúar. Nú standa yfir æfingar á Hassinu hennar ömmu eftir Dario Fo og eru leikstjórar Margrét Sverrisdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson. Auk leikrita á hverju ári erum við yfirleitt með stuttverkadagskrá á haustin og stundum á vorin. Erum við nýbúin að vera með sýningu á sjö stuttum einþáttungum, sem heppnaðist mjög vel. Voru tónlistaratriði á milli atriða.“

### **Vel sóttar leiksýningar**

Sýningar Halaleikhópsins hafa í gegnum tíðina verið mjög vel sóttar, og var met slegið á þessu ári þegar Góðverkin kalla, eftir Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason var sýnt fjórtán sinnum og yfirleitt fyrir fullu húsi.

„Góðverkin kalla, hafði eingöngu verið sýnt í litlum bæjarfélögum þegar við tókum verkið til sýningar og voru leikstjórar Margrét Sverrisdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson. Við ákváðum að ráða þau aftur fyrir næsta verkefni og þau völdu Hassið hennar ömmu. Það var ákveðin breyting í verkefnavali okkar með Góðverkunum, en við höfðum áður verið meira með dramatískar leiksýningar en Góðverkin kalla er gamanleikur og þegar uppsetning hans heppnaðist svona vel var ákveðið að vera með gamanleik aftur. Margrét og Oddur skrifuðu nýja leikgerð af Hassinu hennar ömmu og staðfærðu verkið.“

Að sögn Hönnu Margrétar eru ekki eingöngu fatlaðir sem leika í sýningum leik-

hópsins. „Hver sem er getur verið félagsmaður og þar af leiðandi boðið fram starfskrafta sína sem leikari. Engin sérstök regla er um leikara í verkin. Við sendum út póst um það hvenær fyrsti samlestur er og þá mæta allir sem áhuga hafa og fara í þrúfur. Svo er valið í hlutverkin og þar sem alltaf er að bætast við í félagið þá verða alltaf fleiri og fleiri sem mæta í þrúfurnar. Leikstjóramir velja síðan í hlutverkin og í síðustu tvö skiptin þá hefði verið hægt að velja tvisvar sinnum í hvert hlutverk.

### Tíu ár í Halaleikhópnum

Hanna Margrét segist hafa fyrst skráð sig í Halaleikhópinn 2001. „Ég lék fyrst strax árið eftir og var þá kominn í stjórnina og hef tvisvar verið formaður, fyrst eitt ár og nú er ég á öðru ári sem formaður. Hvað varðar leiklistina hjá mér þá er fyrir mig eftirminnilegast þegar ég lék í Kirsuberjagarðinum. Fyrir utan að vera með gott hlutverk, lék dóttur óðalsbóndans, þá kynntist ég manningnum mínum honum Þresti í þessari sýningu. Einnig er mér minnisstæð uppsetningin á Fílamanninum sem var um margt sérstök. Ég lék ekki í Gaukshreiðrinu, en sá um förðunina. Nú er verið að sýna Kirsuberjagarðinn í Borgarleikhúsinu og er ég mjög spennt fyrir þeirri sýningu og ætla ekki að láta hana fram hjá mér fara.“

Fleiri viðurkenningar hafa fallið í skaut Halaleikhópsins. Fyrir þremur árum veitti Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra leikhópnum Kærleikskúluna sem Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri Borgarleikhússins afhenti. Við afhendinguna sagði hann m.a.


„...að hópurinn hefði sannað sig í hópi áhugaleikhúsa og hefði svo sannarlega kærleikann meðferðis í listinni.“ sem hann sagði vera svo mikilvægt í leikhúsum og að leikhópurinn hefði á engan hátt látið fötlun hindra sig í listsköpun sinni.

### Afmælisár framundan

Halaleikhópurinn á 20 ára afmæli á næsta ári og er stefnan tekin á að gera ýmislegt af því tilefni. „Við byrjum afmælisárið með frumsýningu á Hassinu hennar ömmu, hvað kemur í framhaldinu er ekki alveg ákveðið en við erum með ýmsar hugmyndir sem við eigum eftir að þróa með okkur og vinna úr. Við settum á stofn afmælisnefnd til að koma með hugmyndir um að gera eitthvað meira en venjulega á næsta leikári og er verið að vinna úr þeim hugmyndum.“



Góðverkin kalla var sýnt við miklar vinsældir í byrjun árs. Á myndinni eru Daníel Þórhallsson og Gunnar Gunnarsson í hlutverkum sínum.



Uppsetning Halaleikhópsins á Gaukshreiðrinu var valinn besta áhugamannaleiksýningin leikársins 2007–2008.



Halaleikhópurinn fékk Kærleikskúluna 2008 og var myndin tekin við það tækifæri. Á myndinni eru Gunnar Gunnarsson, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Guðný Alda Einarsdóttir og Kristín R. Magnúsdóttir.



# Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Þrátt fyrir að fatlað fólk eigi strangt til tekið sama tilkall og aðrir til þeirra mannréttinda sem tryggð hafa verið í fyrri mannréttindasáttmálum, þá er það engu að síður ennþá svipt þessum grundvallar réttindum og frelsi í reynd. Þess vegna var saminn sérstakur samningur um réttindi fatlaðs fólks sem hefur þó hvorki að geyma nein ný réttindi né einhver sérstök mannréttindi fyrir fatlað fólk, heldur útskýrir hann á nákvæman hátt hvað stjórnvöld þurfi að gera til þess að réttindin teljist tryggð í raun og veru. Sáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 30. mars 2007 og nú er unnið að því að fullgilda hann hér á landi.

## Stjórnvöld axli ábyrgð

Markmiðið með sáttmálanum er einfalt; að fatlað fólk hafi í raun sömu mannréttindi og frelsi og aðrir; að passað sé upp á að þessi réttindi og frelsi séu virt og svo loks að unnið sé að því að auka virðingu fyrir fötluðu fólki sem manneskjur.

Sáttmálinn ber með sér ákveðna þróun á þeim viðhorfum sem notuð eru til að skilja fötlun þar sem því er hafnað að líta skuli á fötlun sem galla, frávik eða persónulegt „vandamál“ viðkomandi. Þess í stað er fötlun skilgreind sem einhvers konar samspil einstaklings með skerðingar við umhverfi eða takmarkandi viðhorf sem hindra fulla og virka samfélags þátttöku hans til jafns á við aðra. Með þessu er fötlun séð sem eðlilegur hluti af margbreytileika mannlífsins og þau vandamál sem fatlað fólk upplifir í lífi sínu rakin til umhverfis eða viðhorfa sem hindra það í að njóta mannréttinda sinna til jafns við aðra. Þetta þýðir að lögð er mun ríkari áhersla á það að stjórnvöld axli ábyrgð á því að skapa aðgengilegt samfélag sem er fyrir alla og stuðli að þátttöku fatlaðs fólks á öllum sviðum mannlífsins.

## Tryggja aðgang að ferðaþjónustu

Í sáttmálanum er svo fjallað um nánar tiltekin réttindi í um 30 efnisgreinum sem fjalla um hvernig setja þarf lágmarkskröfur um aðgengi, hvort sem það er að hinu efnislega umhverfi, samgöngum eða upplýsingum. Auk þess sem fylgjast þarf með því að þær kröfur séu uppfylltar. Jafnframt þarf að tryggja að fatlað fólk hafi tækifæri til að velja hvar og með hverjum það býr til jafns við aðra og njóta til þess margs konar aðstoðar sem gerir því kleift að lifa sjálfstæðu lífi til jafns við aðra. Í því skyni er einnig mikilvægt að tryggja aðgang að ferðaþjónustu þannig að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða þá, þegar og þannig sem því hentar, gegn viðráðanlegu gjaldi. Þá þarf að uppræta alla mismunun gagnvart fötluðu fólki í málum sem líta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum og tryggja að réttur



Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir.


þess til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu sé virtur. Gerð er sú krafa að menntakerfið sé opið og án aðgreiningar á öllum skólastigum og að starfsfólk og fagfólk innan skóla búi yfir þekkingu á mismunandi skerðingum, kennslutækni og kennsluefni sem er ætlað að styðja fatlað fólk til náms. Þá er einnig gerð sú krafa að vinnumarkaðurinn sé opinn og mismunun vegna fötlunar sé bönnuð með lögum varðand öll mál sem tengjast störfum. Þá er í mörgum greinum ítrekaður réttur fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á sviði stjórn mála, íþróttar, tómstunda eða menningarmála.

## Samfélag fyrir alla

Með sáttmálanum takast stjórnvöld á hendur þær skuldbindingar að koma á löggjöf og aðgerðum innan stjórnsýslunnar sem stuðla að mannréttindum fatlaðs fólks. Samhliða því þarf jafnframt að afnema lög, reglur, venjur og starfshætti sem fela í sér mismunun. Til þess að þetta verði að veruleika þarf að huga að réttindum fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð í samvinnu við fatlaða einstaklinga sjálfa og hagsmunasamtök þeirra.

Það er því ljóst að nú þarf að vinna að því að skapa samfélag sem er raunverulega fyrir alla og í því ferli verður fatlað fólk og hagsmunasamtök að gegna lykilhlutverki, því kjarni mannréttindi fatlaðs fólks kristallast í orðunum „Ekkert um okkur, án okkar!“


*Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir.*

				hitar	þrúgar	flæmdi		uppistaða	frá	drykkurinn	mangað	2 eins		
		→												vitund
		boka					ógöngur							
Tekning Halldór Andri effiprentun bónnuð	↓	ákafan	kexið			4				tónn			agnir	
fuglar								eldfjallið	11					
áhalð			5		borðandi					ógná			14	
2 eins			2 eins	hindrunar	13					7			málm-inum	elska
þý					hast					starf				
þjóð					gunga					matist				
								viðurinn				utan	síðastur og fyrstur	
		málmi	slaka						þoka		fugl			
maður							vandan				8		tónn	
	↓		takast	áttund				iþr.fél.				tímabilið	49	
óska					strákapör			endir					ratar	
						1050		6	rót	háskann				
						traust								
	↘												lamað	
hækkun	12									iþr.fél.			tindi	
		upp-trekktá	loddara						skryðast					
			hraði						mublu					
tjúlluð			utan									sögupers.		
			nudda				brák					kvak		
rök-festast							1		eldsneyti	10		gljúfur		
treystið			2											
							þurla-lingana							
skiltugt							krats	3				her	9	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----



Hvað sem á bjátar og hvað sem á dynur  
hvernig sem veröldin dæsir og stynur  
skaltu aðstoð okkar þiggja  
því alla þá sem landið byggja  
- okkar hlutverk er að tryggja.



FILEN/SIA

